




RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



Landsvirkjun



# Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna

Niðurstöður spurningakönnunar sumarið 2017

Auður H. Ingólfssdóttir  
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir  
Anna Soffía Víkingsdóttir  
Valeriya Posmitnaya  
2018



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

# Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna

Niðurstöður spurningakönnunar sumarið 2017

Auður H. Ingólfssdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir,

Anna Soffía Víkingsdóttir og Valeriya Posmitnaya

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460-8930

Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)

Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna. Niðurstöður spurningakönnunar sumarið 2017

Höfundur: Auður H Ingólfssdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Anna Soffía Víkingsdóttir og Valeriya Posmitnaya

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Uppsetning: Stell ([www.stell.is](http://www.stell.is))

Númer: RMF-S-09-2018

ISBN: 978-9935-437-75-4

ISSN: 978-9935

Forsíðumynd: Frá Kröflusvæði © Landsvirkjun

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

# **Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna**

Niðurstöður spurningakönnunar sumarið 2017

Auður H. Ingólfssdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir,  
Anna Soffía Víkingssdóttir og Valeriya Posmitnaya

RANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Maí 2018



# EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit .....	i
Myndaskrá.....	iv
Töfluskrá .....	vii
Samantekt .....	5
1. Inngangur.....	8
Náttúra og upplifun ferðamanna.....	9
2. Kröflusvæðið og tengsl við skyldar rannsóknir.....	12
Kröflusvæðið – orkuvinnsla .....	12
Kröflusvæðið – ferðapjónusta og útivist .....	13
Rannsókn á vegum Rammaáætlunar .....	17
Rannsókn á Blöndusvæðinu .....	18
3. Gagnasöfnun og framkvæmd rannsókna.....	20
Hönnun og framkvæmd spurningakönnunar .....	20
Úrvinnsla gagna.....	23
4. Spurningakönnun - Helstu niðurstöður.....	24
Bakgrunnur þátttakenda.....	25
Þjóðerni .....	25
Kyn og aldur .....	27
Aðrar bakgrunnsbreytur.....	29
Upplifun af svæðinu .....	31
Ánægja með dvöl á svæðinu.....	32
Ánægja með náttúru svæðisins .....	33
Er svæðið manngert eða náttúrulegt? .....	34
Er svæðið hávært eða kyrrt? .....	36
Er svæðið aðgengilegt?.....	39
Er svæðið ljótt eða fallegt? .....	40

Er svæðið áhrifamikil?.....	41
Aðrir þættir sem tengjast upplifun.....	42
Viðhorf ferðamanna til náttúru og víðerna.....	46
Mikilvægi óraskaðrar náttúru .....	47
Áhrif mannvirkja .....	48
Mikilvægi kyrrðar.....	50
Hvað má vera til staðar?.....	51
Áhrif mannvirkja sem ekki sjást.....	53
Víðerni sem hluti af aðráttaraflí Kröflusvæðis? .....	54
Almenn viðhorf ferðamanna til virkjana og tengdra mannvirkja .....	55
Vatnsaflsvirkjanir á hálendinu.....	56
Vatnsaflsvirkjanir á láglendi.....	58
Jarðvarmavirkjanir á hálendinu .....	59
Jarðvarmavirkjanir á láglendi .....	61
Vindmyllur á hálendinu .....	62
Vindmyllur á láglendi.....	63
Uppistöðulón á hálendinu.....	64
Uppistöðulón á láglendi.....	65
Raflínur á hálendinu .....	66
Raflínur á láglendi .....	67
Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna .....	68
Áhrif tiltekinna mannvirkja .....	68
Skoðanir á mismunandi mannvirkjum á svæðinu.....	75
Áhugi á orkuvinnslu .....	85
5. Umræður og ályktanir.....	88
Viðhorfskvarðinn eða félagsleg mótunarhyggja?.....	88
Aðráttarafl víðerna og ósnortinnar náttúru .....	92
6. Lokaorð .....	94

Heimildir .....	95
Viðauki 1: Spurningalisti lagður fyrir ferðamenn .....	97
Spurningalisti á íslensku.....	97
Spurningalisti á ensku.....	98
Spurningalisti á þýsku .....	99
Spurningalisti á frönsku.....	100
Viðauki 2: Tölfræðigreining.....	101



## MYNDASKRÁ

Mynd 1: Krafla og nágrenni. Kort: Landsvirkjun.....	13
Mynd 2: Fjöldi heimsóknna í gestastofu. Heimild: Landsvirkjun.....	14
Mynd 3: Horft til suðurs frá útsýnisplani og yfir virkjunarmannvirki á Kröflusvæðinu.....	15
Mynd 4: Gróðureyðing vegna traðks meðfram hellulögðum stíg upp að Víti.....	16
Mynd 5: Valeriya Posmitnaya, spyrill í spurningakönnun, við bílastæðið við Víti.....	22
Mynd 6: Skipting svarenda eftir þjóðerni.....	25
Mynd 7: Skipting svarenda eftir kyni.....	27
Mynd 8: Skipting svarenda eftir aldri.....	27
Mynd 9: Staðsetning þátttakenda þegar könnun var svarað.....	29
Mynd 10: Skipting ferðamanna eftir starfi.....	29
Mynd 11: Með hverjum ferðast þú?.....	30
Mynd 12: Hvernig ferðast þú?.....	30
Mynd 13: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með dvölinu á svæðinu?.....	32
Mynd 14: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með náttúru svæðisins?.....	33
Mynd 15: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Manngert - Náttúrulegt....	34
Mynd 16: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Hávært - Kyrrt.....	36
Mynd 17: Hversu hávært/kyrrt er svæðið (með eða án blásturs í holum)?.....	37
Mynd 18: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Óaðgengilegt – Aðgengilegt.....	39
Mynd 19: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Ljótt – Fallegt.....	40
Mynd 20: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Áhrifalítið - Áhrifamikið.....	41
Mynd 21: Hvað gerðir þú/ætlað að gera á meðan á dvöl þinni stendur?.....	42
Mynd 22: Komst þú á/ætlað þú á einhvern af eftirfarandi stöðum í þessari ferð?.....	43
Mynd 23: Hvað dvelur/dvaldir þú lengi á svæðinu?.....	44
Mynd 24: Telur þú vanta einhverja innviði fyrir ferðamenn á svæðinu?.....	45
Mynd 25: Hversu mikilvægt er eftirfarandi: Að hægt sé að upplifa óraskaða náttúru?.....	47
Mynd 26: Hversu mikilvægt er eftirfarandi: Að geta gengið án þess að sjá mannvirki?.....	48

Mynd 27: Hversu mikilvægt er eftirfarandi: Að hægt sé að njóta kyrrðar? .....	50
Mynd 28: Hvað má vera til staðar án þess að hugtökin víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu?.....	51
Mynd 29: Hafa nálægt mannvirki, sem þú veist af en sérð ekki, áhrif á upplifun þína af víðernum/ósnortinni náttúru? .....	53
Mynd 30: Finnst þér víðerni/ósnortin náttúra vera hluti af aðráttaraflí svæðisins?.....	54
Mynd 31: Komstu á þetta svæði til að upplifa víðerni/ósnortna náttúru? .....	54
Mynd 32: Viðhorf til frekari uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á hálendinu? .....	56
Mynd 33: Viðhorf til frekari uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á láglandi? .....	58
Mynd 34: Viðhorf til frekari uppbyggingar jarðvarmavirkjana á hálendinu? .....	59
Mynd 35: Viðhorf til frekari uppbyggingar jarðvarmavirkjana á láglandi? .....	61
Mynd 36: Viðhorf til vindmylla á hálendinu? .....	62
Mynd 37: Viðhorf til vindmylla á láglandi? .....	63
Mynd 38: Viðhorf til uppistöðulóna á hálendinu?.....	64
Mynd 39: Viðhorf til uppistöðulóna á láglandi? .....	65
Mynd 40: Viðhorf til frekari lagningar raflína á hálendinu? .....	66
Mynd 41: Viðhorf til frekari lagningar raflína á láglandi? .....	67
Mynd 42: Hvaða áhrif höfðu gufulagnir á upplifun þína af svæðinu? .....	69
Mynd 43: Hvaða áhrif höfðu raflínur á upplifun þína af svæðinu? .....	70
Mynd 44: Hvaða áhrif hafði malbikaður vegur á upplifun þína af svæðinu?.....	71
Mynd 45: Hvaða áhrif höfðu borholur í blæstri (gufa og hljóð) á upplifun þína af svæðinu? .....	72
Mynd 46: Hvaða áhrif hafði malarvegur á upplifun þína af svæðinu?.....	73
Mynd 47: Hvaða áhrif höfðu byggingar á upplifun þína af svæðinu?.....	74
Mynd 48: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - óuppbyggðir malarvegir? .....	76
Mynd 49: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - uppbyggðir malarvegir? .....	76
Mynd 50: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - vegir með bundnu slitlagi? .....	77
Mynd 51: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - heilsársvegir?.....	77
Mynd 52: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - skilti? .....	78
Mynd 53: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - gufulagnir? .....	78

Mynd 54: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - jarðvarmavirkjanir? .....	79
Mynd 55: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - borholur í blæstri? .....	79
Mynd 56: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - raflínur? .....	80
Mynd 57: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - vindmyllur? .....	80
Mynd 58: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - hótél? .....	81
Mynd 59: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - fjallaskálar? .....	81
Mynd 60: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - tjaldstæði?.....	82
Mynd 61: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - verslanir/veitingastaðir? .....	82
Mynd 62: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - bensínstöðvar?.....	83
Mynd 63: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - salerni? .....	83
Mynd 64: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - gestastofa? .....	84
Mynd 65: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - fjarskiptamöstur? .....	84
Mynd 66: Hvaða áhrif hefur sú staðreynd að búið er að virkja á svæðinu á áhuga þinn á því að stunda útivist á svæðinu?.....	85
Mynd 67: Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að heimsækja gestastofur vatnsafls- eða jarðvarmavirkjana?.....	86
Mynd 68: Víti, vinsælasti ferðamannastaðurinn innan Kröflusvæðisins.....	89
Mynd 69: Upplýsingaskilti við gestastofu.....	92

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Yfirlit yfir fjölda svara þá daga sem spyrill var á staðnum (blálituð box) .....	21
Tafla 2: Skipting eftir þjóðernum í spurningakönnunum á mismunandi svæðum .....	26
Tafla 3: Ánægja með dvölinu á svæðinu, borið saman við aðra staði .....	32
Tafla 4: Ánægja með náttúru svæðisins, borið saman við aðra staði .....	33
Tafla 5: Manngert eða náttúrulegt svæði, borið saman við aðra staði .....	35
Tafla 6: Hávært eða kyrrt svæði, borið saman við aðra staði .....	37
Tafla 7: Óaðgengilegt eða aðgengilegt svæði, samanborið við aðra staði .....	39
Tafla 8: Ljótt eða fallett svæði, samanborið við aðra staði .....	40
Tafla 9: Mikilvægi óraskaðrar náttúru, samanborið við aðra staði .....	47
Tafla 10: Mikilvægi fjarveru mannvirkja, samanborið við aðra staði .....	49
Tafla 11: Mikilvægi kyrrðar, samanborið við aðra staði .....	50
Tafla 12: Viðhorf til orkumannvirkja .....	55
Tafla 13: Viðhorf til vatnsaflsvirkja á hálendinu, samanborið við aðra staði? .....	57
Tafla 14: Viðhorf til vatnsaflsvirkjana á láglandi, samanborið við aðra staði? .....	58
Tafla 15: Viðhorf til jarðvarmavirkjana á hálendinu, samanborið við aðra staði? .....	60
Tafla 16: Viðhorf til jarðvarmavirkjana á láglandi, samanborið við aðra staði? .....	61
Tafla 17: Viðhorf til vindmylla á hálendinu, samanborið við aðra staði? .....	62
Tafla 18: Viðhorf til vindmylla á láglandi, samanborið við aðra staði? .....	63
Tafla 19: Viðhorf til uppistöðulóna á hálendinu, samanborið við aðra staði? .....	64
Tafla 20: Viðhorf til uppistöðulóna á láglandi, samanborið við aðra staði? .....	65
Tafla 21: Viðhorf til raflína á hálendinu, samanborið við aðra staði? .....	66
Tafla 22: Viðhorf til raflína á láglandi, samanborið við aðra staði? .....	67
Tafla 23: Áhrif á upplifun - yfirlit .....	68
Tafla 24: Yfirlit - Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki á svæðinu? .....	75



## SAMANTEKT

Markmið þessarar rannsóknar var að meta áhrif Kröfluvirkjunar og tengdra mannvirkja á upplifun ferðamanna og bera saman við niðurstöður úr sambærilegri rannsókn sem fór fram á Blöndusvæðinu árið 2016. Þá voru niðurstöður spurningakannana sem voru gerðar sumarið 2015 á sjö svæðum á landinu einnig hafðar til hliðsjónar, en sú rannsókn beindist að svæðum sem voru til umfjöllunar í þriðja áfanga Rammaáætlunar (vernd og orkunýting landsvæða). Ein ástæða þess að áhugavert er að bera saman annars vegar svæðin við Kröflu og Blöndu og hins vegar svæðin sem voru til skoðunar í Rammaáætlun er sú að þar með gefst samanburður á upplifun ferðamanna á svæðum með og án mannvirkja tengdum orkuvinnslu.

Kröflusvæðið er staðsett í Mývatnssveit, norðaustan við Mývatn og þar er að finna 60 MW jarðvarmavirkjun. Virkjanaframkvæmdir hófust fyrst árið 1974 og síðan þá hefur umferð ferðamanna aukist jafnt og þétt. Ferðamannafjöldinn var metinn um 50.000 sumarið 2000, sjö árum síðar, eða árið 2008 var hann talinn vera kominn upp í 100.000 yfir sumartímann og sumarið 2017 benti umferðatalning Landsvirkjunar til að heildarfjöldinn yfir sumartímann væri kominn upp í 200.000.

Gagnasöfnun í þessari rannsókn fólst í spurningakönnun sem var lögð fyrir ferðamenn á vinsælum skoðunarstöðum á svæðinu. Var stuðst við svipaðan spurningalista og í rannsókn á Blöndusvæðinu, sem aftur byggði að stórum hluta á spurningalista sem var notaður í rannsókn á vegum Rammaáætlunar. Spurningakönnunin var framkvæmd á 15 dögum sumarið 2017 og náðust samtals 1208 svör, flest við Víti en einnig á bílastæði við Leirhnjúk og í gestastofu.

Svarendur við Kröflu telja svæðið örlítið meira manngert og talsvert háværara en átti við um þá sem svöruðu könnunum á svæðum þar sem ekki var að finna nein virkjunarmannvirki. Engu að síður eru ferðamenn mjög ánægðir með náttúru svæðisins og finnst hún falleg og áhrifamikil. Í samanburði við þau svæði sem voru til skoðunar í þeim rannsóknum sem voru hafðar til hliðsjónar eru ferðamenn við Kröflu annað hvort jafnánægðir eða ánægðari með náttúru svæðisins. Mannvirki virðast því ekki hafa neikvæð áhrif á sjónræna upplifun þeirra, ef marka má niðurstöður spurningakönnunarinnar. Hávaði vegna blásturs í borholum hefur hins vegar greinileg neikvæð áhrif því að gögnin sýna að umtalsvert fleiri ferðamenn telja svæðið mjög eða frekar hávært þá daga sem blástur er á holum á rannsóknarsvæðinu heldur en hina dagana, þegar vélar gengu með venjubundnum hætti og ekki var blástur á holunum.

Þegar rýnt er nánar í gögnin kemur í ljós að þjóðerni virðist hafa talsvert mikið um upplifun að segja og var breytileikinn í gögnunum meiri þar en t.d. þegar bornar voru saman niðurstöður eftir kyni eða aldri. Þetta bendir til þess að upplifun ferðamanna sé mótuð af

þeirra eigin menningarlega bakgrunni og þeim væntingum sem þeir kunna að hafa til náttúrunnar áður en þeir koma á staðinn.

Eftirfarandi eru nokkur dæmi um athyglisverðan mun eftir þjóðerni:

- Rúmlega 71 prósent Asíubúa merkti við að þeir upplifðu svæðið sem mjög kyrrlát á meðan sambærilegt hlutfall Íslendinga og Þjóðverja var rúm 26 prósent. Hlutfall annarra þjóðernishópa var á bilinu 30 til 50 prósent.
- Íslendingar voru mun afdráttarlausari í viðhorfum sínum til mismunandi tegunda mannvirkja, sérstaklega í þeim tilvikum sem um var að ræða mannvirki sem hafa verið mikið í deiglunni í samfélagslegri umræðu, svo sem vatnsaflsvirkjanir og uppistöðulón á hálendinu. Mun sjaldgæfara var að Íslendingar merktu við valkostinn „hvorki né“ þegar spurt var um viðhorf til frekari uppbyggingu á vatnsaflsvirkjun eða uppistöðulónum á hálendinu en var raunin með erlenda ferðamenn.
- Bretar/Írar eru mun jákvæðari í garð uppistöðulóna á hálendi en aðrir hópar. Rúm 68 prósent þeirra eru frekar eða mjög jákvæðir í garð lónanna í samanburði við aðeins 38 prósent af heildarsvörum. Þá eru ekki nema 5 prósent þeirra frekar neikvæðir og enginn mjög neikvæður, en 26 prósent af heildinni voru frekar eða mjög neikvæð gagnvart uppistöðulónum. Þessi munur er sérstaklega áhugaverður í ljósi þess að Bretar/Írar skera sig yfirleitt ekki úr í svörum sínum við öðrum spurningum í könnuninni.

Almennt voru ferðamenn við Kröflu talsvert jákvæðari gagnvart frekari uppbyggingu orkumannvirkja en átti við um ferðamenn sem svöruðu sambærilegri könnun á Blöndusvæðinu og í rannsókn á vegum Rammaáætlunar. Lágt hlutfall Íslendinga í spurningakönnun við Kröflu (miðað við hlutfall þeirra í þeim rannsóknum sem voru til samanburðar) kann að hafa áhrif, þar sem þeir eru oft neikvæðari í garð mannvirkja, sérstaklega á hálendinu, en erlendir ferðamenn.

Náttúran er rauður þráður í öllum könnunum meðal erlendra ferðamanna sem kjósa að ferðast um Ísland og er það ekki síst vonin um að geta heimsótt óbyggð svæði og upplifað ósnortna náttúru sem heillar. Þrátt fyrir að Kröflusvæðið flokkist hvorki sem óbyggðir né óbyggð víðerni samkvæmt lagalegum skilgreiningum náttúruverndarlaga töldu tæp 94 prósent svarenda í spurningakönnuninni víðerni/ósnortna náttúru vera hluta af aðdráttarafli svæðisins og 86 prósent svöruðu því til að þeir hefðu komið á svæðið sérstaklega til að upplifa víðerni. Svæðið virðist hafa staðið undir þessum væntingum í ljósi þess að meira en 95 prósent svarenda eru ánægðir með náttúru Kröflusvæðisins. Þetta er í takt við niðurstöður rannsókna

sem benda til að hugtakið víðerni hafi gjarnan sveigjanlegri merkingu í huga fólks en lagalegar skilgreiningar.

Þegar lítið er yfir niðurstöður spurningakönnunarinnar í heild virðist sem mannvirki tengd orkuvinnslu hafi tiltölulega lítil áhrif á upplifun ferðamanna. Þó verður að hafa í huga að fæstir þeirra höfðu heimsótt svæðið áður og því enginn samanburður til staðar um hver upplifunin hefði verið án mannvirkjananna. Engu að síður er ekki hægt að líta fram hjá því að orkuvinnsla á Kröflusvæðinu virðist ekki hafa dregið úr gildi svæðisins sem aðdráttarafl fyrir ferðafólk. Þvert á móti, má því segja að aukið aðgengi, sem er að mestu leyti tilkomið vegna uppbyggingar vega í tengslum við orkuvinnslu, hafi stóraukið straum ferðamanna á svæðið.



# 1. INNGANGUR

Þessi skýrsla greinir frá niðurstöðum spurningakönnunar sem var framkvæmd á Kröflusvæðinu sumarið 2017. Markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif Kröfluvirkjunar og tengdra mannvirkja á upplifun ferðamanna á svæðinu og bera saman við niðurstöður úr sambærilegri rannsókn sem fór fram á Blöndusvæðinu sumarið og haustið 2016 (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2017). Þá voru niðurstöður spurningakönnunar sem voru gerðar sumarið 2015 á sjö svæðum á landinu einnig hafðar til hliðsjónar, en sú rannsókn beindist að svæðum sem voru til umfjöllunar í þriðja áfanga Rammaáætlunar (vernd og orkunýting landsvæða). Svæðin sjö sem voru til skoðunar í rannsókn á vegum Rammaáætlunar voru í Skagafirði, við Skjálfandafhljót, Skaftá, Hagavatn, Nýjadal, Seltún og Trölladyngju (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2016).

Í inngangskafli er rannsóknin sett í víðara samhengi í umfjöllun sem er ætlað að gefa innsýn inn í skrif fræðimanna um náttúru og upplifun ferðamanna. Í kafla tvö er Kröflusvæðinu gerð skil, rætt um þróun orkuvinnslu, ferðaþjónustu á staðnum og hver sé staða svæðisins með tilliti til náttúruverndar. Þá er einnig sagt frá helstu niðurstöðum í þeim tveimur rannsóknnum sem voru til hliðsjónar við framkvæmd á þessari rannsókn, þ.e.a.s. rannsóknin á Blöndusvæðinu og rannsókn á vegum Rammaáætlunar.

Kafli þrjú fjallar um gagnasöfnun, framkvæmd rannsóknar og gagnaúrvinnslu. Sagt er frá þeirri aðferðafræði sem var beitt á öllum stigum rannsóknar (hönnun, gagnasöfnun og úrvinnslu), hvaða álitamál komu upp við framkvæmd og hvað þarf að hafa í huga við túlkun gagnanna.

Í fjórða kafla eru niðurstöður spurningakönnunar kynntar og þær bornar saman við niðurstöður úr rannsókn á Blöndusvæði og rannsókn á vegum Rammaáætlunar eins og við á hverju sinni. Fimmti kafla býður upp á umræður og ályktanir og honum er fylgt eftir með lokaorðum, þar sem hnykk er á lykilniðurstöðum rannsóknarinnar.

Rannsóknin var unnin af sérfræðingum á Rannsóknarmiðstöð ferðamála (RMF) fyrir Landsvirkjun. Aðalhöfundur skýrslunnar er Auður H. Ingólfssdóttir en Guðrún Þóra Gunnarsdóttir kom einnig að rannsókninni á öllum stigum, bæði við hönnun, framkvæmd og úrvinnslu. Þá ber einnig að nefna framlag Valeríya Posmitnaya, sem bar hitann og þungann af gagnasöfnun sem spyrill í spurningakönnuninni. Anna Soffía Víkingsdóttir á Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri sá um að skanna inn spurningalista, færa yfir í Excel forritið og að framkvæma tölfræðiþróf fyrir þær spurningar sem við átti. Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Auði H. Ingólfssdóttur, nema annað sé tekið fram.

## Náttúra og upplifun ferðamanna

Náttúran er rauður þráður í öllum könnunum meðal ferðamanna sem kjósa að ferðast um Ísland. Kannanir Ferðamálastofu hafa ítrekað sýnt að náttúran er sá þáttur sem hefur mest áhrif á þá ákvörðun erlendra ferðamanna að koma til Íslands og það er ekki síst vonin um að geta heimsótt óbyggð svæði og upplifað ósnortna náttúru sem heillar (sjá t.d. Maskína, 2016). Það sama má segja um niðurstöður þeirra tveggja rannsókna sem eru hafðar til hliðsjónar við þessa rannsókn, sem og margar aðrar þar sem upplifun erlendra ferðamanna á Íslandi hefur verið könnuð, alltaf er það náttúran sem virðist efst á blaði sem aðráttarafl.

Mikilvægi víðerna og ósnortinnar náttúru getur þó verið mismunandi bæði eftir því hvaðan ferðamennirnir eru að koma, hvar þeir eru staðsettir á hinum svokallaða viðhorfskvarða (*e. purist scale*), og hvaða skilning þeir leggja í þessi hugtök. Viðhorfskvarðinn hefur verið notaður í mörgum íslenskum rannsóknum þar sem viðhorf ferðamanna til náttúrunnar hafa verið könnuð en í honum eru ferðamenn flokkaðir í þjónustusinna og náttúrusinna (Edward H. Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013). Viðhorfskvarðinn var notaður í rannsókn á vegum Rammaáætlunar og rannsókn á Blöndusvæðinu en var ekki nýttur í rannsókninni sem hér er kynnt og fór fram á Kröflusvæðinu, eins og útskýrt er betur í umræðukafla (kafla 5).

Edward og Gunnar Þór (2013) benda á að þótt viðhorfskvarðinn geti verið gagnlegur þá dugi hann ekki einn og sér, heldur þarf að líta á hvernig menningarlegur bakgrunnur og það umhverfi sem fólk kemur úr hefur mótað hugmyndir þess um náttúruna.

Þessi hugsun, að hugmyndir okkar um náttúruna séu félagslega mótaðar, tengist svokallaðri félagslegri mótunarhyggju (*e. social constructivism*) sem er kenningarskóli sem gengur út á að skynjun okkar á veruleikanum sé að stórum hluta félagslega mótuð.

Mótunarhyggja varð til innan félagsvísinda sem ákveðið mót svar við aðferðafræði náttúruvísinda, þar sem oftast er gengið út frá því að veruleikinn sé eitthvað sem sé til, óháð okkur mönnunum, og hægt sé að rannsaka á kerfisbundinn og hlutlægan hátt með þeim hætti að ef einhver annar myndi endurtaka rannsóknina yrði niðurstaðan sú sama. Þetta getur vissulega átt við marga þætti í hinum efnislega heimi, til að mynda eðlisfræðileg lögmál og ýmis efnafræðileg og líffræðileg ferli, en þegar athyglin beinist að mannum, mannlegum samskiptum og hvernig maðurinn skynjar umhverfi sitt flækist málið. Hugmyndir okkar um félagsleg fyrirbæri eru iðulega mótuð af sögunni, menningarlegum bakgrunni, hugmyndum og orðræðu um tiltekin fyrirbæri. Félagsleg mótunarhyggja sprettur þannig upp úr gagnrýni fræðimanna sem töldu aðferðir náttúruvísinda ekki eiga við þegar félagsleg fyrirbæri væru skoðuð heldur þyrfti að styðjast við kenningarramma þar sem svigrúm væri til að túlka

upplýsingar og setja í samhengi við stöðu þess sem rannsakar og það samfélag sem er til skoðunar (Botterill og Platenkamp, 2012).

Í anda mótunarhyggjunnar má því segja að þó náttúran sem slík sé hluti af efnisheiminum þá sé skynjun og upplifun mannfólksins af náttúrunni félagslega mótuð. Með öðrum orðum, fólk hefur fyrirfram gefnar hugmyndir um náttúruna, sem litast af menningarlegum bakgrunni, reynslu og þekkingu. Væntingar geta því verið mismunandi og upplifun litast af því.

Dæmi um það hvernig félagsleg mótun getur leitt til mismunandi hugmynda um náttúruna er skilningur fólks á hugtökum á borð við víðerni og ósnortin náttúra. Castree (2005) fjallar um hugtakið „víðerni“ (e. wilderness) í bók sinni *Nature*. Þar vísar hann í skrif ýmissa fræðimanna til að sýna fram á hversu félagslega mótað hugtakið sé. Þó algeng orðabókarskilgreining á víðerni sé að hér sé um að ræða svæði sem sé ósnortið af mannum, er raunveruleikinn flóknari. Í raun eru fá eða jafnvel enginn svæði á jörðinni sem hafa ekki orðið fyrir einhverjum áhrifum af athöfnum mannsins, þó þessi áhrif séu missjáanleg. Engu að síður eru til svæði þar sem áhrifa mannsins gætir minna, mannvirki eru ekki sjáanleg og upplifun þeirra sem sækja slíka staði heim er gjarnan á þá lund að þeir séu komnir út í villta náttúru, langt frá ys og þys hins daglega lífs. Castree bendir á að margir hafi þá siðferðislegu afstöðu að það sé eitthvað gott og jákvætt við slík svæði. Þau hafi mikilvægt gildi sem mótvægi við streitufullt og mengandi umhverfi í borgum, bæjum og öðru þéttbýli. Þessi siðferðislega afstaða, auk fegurðar náttúrunnar, er undirstaða náttúrutengdar ferðaþjónustu víða um veröld þar sem þéttbýlisbúar sækjast eftir gönguferðum og annarri útivist á svæðum sem þeir upplifa sem víðerni og með ósnortna náttúru (Castree, 2005).

Á Íslandi hefur hugtakið „óbyggðir“, þá sérstaklega á hálendinu, verið tengt enska orðinu *wilderness*. Þetta birtist m.a. í hugtakaskilgreiningum í náttúruverndarlögum en þar eru óbyggðir og óbyggð víðerni skilgreind með eftirfarandi hætti (Alþingi, 2013):

*Óbyggðir: Landsvæði þar sem fólk hefur ekki fasta búsetu og þar sem mannvirki eru ekki til staðar eða eru lítt áberandi.*

*Óbyggð víðerni: Svæði í óbyggðum, að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð og í a.m.k.. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.*

Eins og sjá má á þessum skilgreiningum er þrengri skilgreining á hugtakinu „óbyggð víðerni“ en „óbyggðir“ og minna svigrúm fyrir áhrif mannsins í skilgreiningu á víðernahugtakinu. Þessar skilgreiningar eiga sér þó ekki endilega samsvörun í skilningi Íslendinga á þessum hugtökum. Í rannsókn þar sem viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum, óbyggðum og Miðhálandi Íslands voru skoðuð kom í ljós að talsverður munur var á skilningi Íslendinga á víðernum og hvernig þau eru skilgreind í lögum. Í huga almennings stendur hugtakið óbyggðir nær lagalegri skilgreiningu á hugtakinu víðerni eins og það er sett fram í

náttúruverndarlögum en víðernishugtakið, sem margir tengja frekar víðáttu, óháð því hvort þar sé einhver mannvirki að finna. Þátttakendur í könnun voru marktækt umburðarlyndari gagnvart mannvirkjum á víðernum en í óbyggðum og á Miðhálandinu. Þannig virðast t.d. mannvirki eins og vegir, slóðar, háspennulínur og virkjanir ekki leiða til þess að Íslendingar telji að svæði missi stöðu sína sem víðerni. Gildi víðerna í hugum fólks, samkvæmt könnuninni, var fyrst og fremst að þar væri hægt að komast í kyrrð, ró og einveru (Rannveig Ólafsdóttir o.fl., 2016). Í annarri rannsókn, sem var eigindleg viðtalsrannsókn þar sem rætt var við fulltrúa ólíkra útivistahópa um upplifun þeirra á víðernum, kom einnig í ljós að nær allir þátttakendur upplifðu víðerni á mun sveigjanlegri hátt en lagaleg skilgreining á óbyggðum víðernum gerir ráð fyrir (Sigrún Birna Sigurðardóttir, Adda Sæby, Þórarinsdóttir & Bylgja Árnadóttir, 2016).

Í ljósi þess að skilningur Íslendinga sjálfra á hugtakinu víðerni er ekki endilega í takt við lagalegar skilgreiningar héraðs þarf ekki að koma á óvart að breytileikinn í því hvernig fólk skilur þessi hugtök og upplifir náttúru á tilteknum stöðum sé enn meiri í fjölbjóðlegum hópum og meðal fólks sem í mörgum tilfellum kemur frá mun þéttbýlli svæðum en Íslandi. Þetta þýðir m.a. að þó að ljóst sé að Kröflusvæðið flokkist hvorki sem óbyggðir né óbyggð víðerni í lagalegum skilningi er alls óvíst að upplifun ferðamanna af svæðinu sé í takti við þær skilgreiningar. Þennan mismunandi og fjölbreytilega skilning á víðernum og tengdum hugtökum þarf að hafa í huga við lestur þessarar skýrslu og túlkun á niðurstöðum.

## 2. KRÖFLUSVÆÐIÐ OG TENGLI VIÐ SKYLDAR RANNSÓKNIR

Í þessum kafla verður fjallað um orkuvinnslu á Kröflusvæðinu, rætt um mikilvægi Kröflu fyrir ferðaþjónustu í Mývatnssveit og gefið stutt yfirlit yfir niðurstöður rannsóknar um mat á áhrifum orkuvinnslu á Kröflusvæðinu á ferðaþjónustu og útivist sem framkvæmd var fyrir tæpum áratug (Rannveig Ólafsdóttir og Eva Sif Jóhannsdóttir, 2009). Þá verða helstu niðurstöður raktar í þeim tveimur rannsóknum sem voru hafðar til hliðsjónar við þessa rannsókn, þ.e.a.s. rannsókn á vegum Rammaáætlunar og rannsókn á Blöndusvæðinu.

### Kröflusvæðið – orkuvinnsla

Kröflusvæðið er staðsett í Mývatnssveit, norðaustan við Mývatn. Krafla er megineldstöð og á Kröflusvæðinu er háhitasvæði með leirhverum og gufuhverum. Svæðið liggur í um 450-500 metrum hæð yfir sjávarmáli (Náttúrustofa Norðausturlands, á.d.). Sérkenni svæðisins eru ekki síst hvernig eldsumbrot hafa mótað landið, fyrst í Mývatnseldum 1724-1729 og síðan í Kröflueldum 1975-1984. Í Mývatnseldum myndaðist sprengigígurinn Víti og Kröflueldarnir drógu athygli alþjóðasamfélagsins að svæðinu þar sem hægt var að fylgjast með samspili gliðunar og kvikuhreyfinga á plötuskilum (Rannveig Ólafsdóttir og Eva Sif Jóhannsdóttir, 2009).

Við Kröflu er 60 MW jarðvarmavirkjun og hefur verið í skoðun að bæta við nýrri virkjun á svæðinu, Kröflu II, með allt að 150 MW rafafli. Upphaflega virkjunin var nokkuð lengi í burðarliðnum. Framkvæmdir hófust árið 1974 með tilraunaborunum. Vinnsla rafmagns í fyrri vélasamstæðu hófst 1978, 1996 hófust framkvæmdir við seinni vélasamstæðu stöðvarinnar og hefur Kröflustöð starfað með tveimur vélasamstæðum og 60 MW afli frá árinu 1999 (Landsvirkjun, á.d.).

Á meðfylgjandi korti (Mynd 1) sést annars vegar hvar Kröflusvæðið er staðsett á landinu (rauð doppa á Íslandskorti) og hins vegar helstu staðir á svæðinu, en þetta kort var jafnframt haft til hliðsjónar við spurningakönnun og fylgdi öllum spurningalistum sem ferðamennirnir fylltu út.



Mynd 1: Krafla og nágrenni. Kort: Landsvirkjun


### Kröflusvæðið – ferðaþjónusta og útivist

Frá eldsumbrotunum í Kröflu hefur forvitni ferðamanna aukist á svæðinu. Í kjölfar virkjanaframkvæmda var lagður vegur að virkjanasvæðinu sem gerði svæðið vestan við Kröflu mun aðgengilegra almenningi. Umferð ferðamanna hefur því aukist jafnt og þétt síðastliðna áratugi. Árið 1995 var vegurinn norður að Kröflu upphækkaður og malbikaður. Jafnframt var lagður vegur að Leirhnjúk og Víti og bílastæði byggð við báða þessa staði (Rannveig Ólafsdóttir og Eva Sif Jóhannsdóttir, 2009).

Í könnun ráðgjafafyrirtækisins Rannsóknir og ráðgjöf (2001) var fjöldi ferðamanna á Kröflusvæðinu metinn um 50.000 sumarið 2000. Samkvæmt talningum Landsvirkjunar var þessi tala komin upp í 100.000 átta árum síðar (Rannveig Ólafsdóttir og Eva Sif Jóhannsdóttir, 2009). Umferðartalningar Landsvirkjunar fyrir sumarið 2017 benda til að þessi tala hafi meira en tvöfaldast, en rúmlega 67.400 bílar fóru um svæðið tímabilið júní-september, sem gerir liðlega 200.000 manns ef gert er ráð fyrir þremur manneskjum í hverjum

bíl. Í ljósi þess að margir ferðamenn koma á svæðið í rútum gæti þessi fjöldi jafnvel verið vanmetinn.

Heimsóknir á gestastofu sem Landsvirkjun rekur yfir sumartímenn sýna einnig skýrt fjölgun ferðamanna á svæðinu. Sumarið 2017 var fjöldi ferðamanna í gestastofu um 20.000 talsins, sem samsvarar því að um tíundi hver ferðamaður hafi komið þar við.



**Mynd 2: Fjöldi heimsókna í gestastofu. Heimild: Landsvirkjun**

Kröflusvæðið virðist þannig fá sinn skerf af síauknum fjölda erlendra ferðamanna til Íslands og þeim aukna fjölda gesta sem sækja Mývatnssveit heim.

Rétt eins og á við um ferðamennsku á Íslandi almennt, þá er náttúran helsta aðdráttaraflíð þegar kemur að heimsóknum ferðafólks bæði í Mývatnssveit og á Kröflusvæðið sérstaklega. Þetta kemur fram í rannsókn um áhrif virkjunarframkvæmda á ferðaþjónustu og umhverfi frá 2001, sem var framkvæmd af Rannsóknir og ráðgjöf, í rannsókn þeirra Rannveigar Ólafsdóttur og Evu Sif Jóhannsdóttur frá 2009 og er staðfest enn og aftur í þeirri rannsókn sem sagt er frá í þessari skýrslu. Viðtalsrannsókn Rannveigar og Evu Sifjar, þar sem rætt var við ferðaþjónustuaðila í Mývatnssveit, dró skýrt fram að hagsmunaaðilar í greininni töldu náttúruna vera styrkleika ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra og var Mývatnssveit þar talin fremst í flokki sem eitt helsta aðdráttarafl landsfjórðungsins. Þrátt fyrir að Kröflusvæðið sem slíkt væri ekki talið upp sem aðdráttarafl voru flestir viðmælanda á þeirri skoðun að Kröflusvæðið hefði mikið gildi fyrir ferðamennsku sem hluti af aðdráttarafli Mývatnssveitar (Rannveig Ólafsdóttir og Eva Sif Jóhannsdóttir, 2009).

Í viðtalsrannsókn sem var framkvæmd sumarið 2017 meðal ferðapjónustuaðila á Mývatnssvæðinu, og beindist að áhrifum byggingar virkjunar á Þeistareykjum á ferðamennsku, var einnig spurt um helsta aðráttarafl svæðisins, bæði fyrir Norðausturland í heild, fyrir Mývatnssveit og síðan sérstaklega fyrir Þeistareyki (svæði skammt frá Kröflu). Varðandi Mývatnssvæðið þá var það aftur náttúran sem viðmælendur töldu skipta mestu máli. Sérstaklega var vísað í fjölbreytilegt landslag og síbreytilega náttúru (Auður H. Ingólfssdóttir o.fl., 2017).



**Mynd 3: Horft til suðurs frá útsýnisplani og yfir virkjunarmannvirki á Kröflusvæðinu**

Þó athygli þessarar skýrslu beinist að sambúð orkuvinnslu og ferðapjónustu eru fleiri snertifletir þegar kemur að ferðapjónustu á Kröflusvæðinu, m.a. varðandi áhrif ferðamennsku á náttúru og hvernig haga skuli stjórnun og stýringu á svæðinu. Sem dæmi má nefna að Mývatn og Laxá eru eitt af sex verndarsvæðum (af 144) á rauðum lista Umhverfisstofnunar en listinn heldur utan um verndarsvæði sem stofnunin telur að séu í verulegri hættu að tapa verndargildi sínu eða hafi tapað því að hluta til. Í greiningu á hvers vegna svæðið sé talið í hættu er fjöldi ferðamanna einn af áhrifaþáttunum (Umhverfisstofnun, 2017).

Náttúra Kröflusvæðisins hefur ekki farið varhluta af álagi vegna ferðamanna. Þannig greip stjórn Landeigenda Reykjahlíðar ehf. til þess ráðs að loka hluta svæðisins í júní 2013 vegna þess að göngustígar og aðrir innviðir höfðu skemmst í snjóalögum yfir veturinn og skapað



hættu fyrir ferðamenn. Aðeins hluti ferðamanna virti hins vegar bannið og varð það til þess að fulltrúi Skútustaðahrepps hafði samband við Umhverfisstofnun til að leita ráða um hvernig hægt væri að koma svæðinu í það ástand að það væri öruggt fyrir ferðamenn. Úr varð að starfsmenn Umhverfisstofnunar, starfsmenn sveitarfélagsins og landeigendur, tóku höndum saman að gera viðeigandi ráðstafanir þannig að hægt væri að opna svæðið aftur (Umhverfisstofnun, 2013).

Þó mál hafi verið leyst á farsælan hátt vorið 2013 er álag ferðamanna á náttúru svæðisins enn vandi sem þarf að takast á við. Til að flækja málin enn frekar hefur landeigendum ekki tekist að komast að samkomulagi um hvernig best sé að haga uppbyggingu innviða á svæðinu. Þannig ákvað meirihluti landeigenda að hefja gjaldtöku við Leirhnjúksplan sumarið 2014 til að standa undir uppbyggingu innviða og laga þær skemmdir sem höfðu orðið á svæðinu vegna ágangs ferðamanna. Ekki voru allir landeigendur sammála gjaldtökunni og var því sett lögban á hana. Málið fór fyrir bæði Héraðsdóm Reykjavíkur og Hæstarétt og var gjaldtakan í báðum tilfellum dæmd ólögleg (Kolbeinn Tumi Daðason, 2016). Eftirlit og uppbygging innviða á svæðinu er því í ákveðinni sjálfheldu.



**Mynd 4: Gróðureyðing vegna traðks meðfram hellulögðum stíg upp að Víti**

Sumarið 2017 sendi einn landeigandi beiðni til Umhverfisstofnunar um að lokað yrði fyrir umferð ferðamanna við bæði Víti og Leirhnjúk vegna þeirra spjalla sem ferðamennirnir hefðu

valdið á náttúru svæðisins. Umhverfisstofnun mat það svo að ekki væri þörf á skyndilokun. Fulltrúi Landsgræðslunnar, sem heimsótti svæðið haustið 2017, var hins vegar á annarri skoðun. Taldi hann ástandið við Víti það versta sem hann hefði séð á ferðamannastöðum sumarið 2017 (Ágúst Ólafsson, 2017).

Á mynd 4 sést vel hluti þeirrar gróðureyðingar sem fulltrúi Landgræðslunnar vísar í, meðfram hellulögðum stígum, en einnig hefur myndast drullusvað í kring um bílastæðin, sem eru orðin allt of lítil miðað við þann fjölda ökutækja og ferðamanna sem þar fer um.

Eins og fram kemur í kafla 4, þar sem niðurstöður spurningakönnunar eru kynntar, virðast þessi náttúruspjöll lítil áhrif hafa á upplifun ferðamanna, sem langflestir svara því til að þeir séu ánægðir eða mjög ánægðir með náttúru Kröflusvæðisins.

## Rannsókn á vegum Rammaáætlunar

Rammaáætlun (vernd- og orkunýtingaráætlun) er unnin skv. lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun 2011 nr. 48 og hefur verið í gangi í tæpa tvo áratugi, eða frá árinu 1999. Áætlunin gengur út á að flokka vatnsföll og háhitasvæði hérlendis í vernd eða orkunýtingu. Fyrsti áfangi Rammaáætlunar var frá 1999-2003, unnið var að öðrum áfanga tímabilið 2004-2010 og þeim þriðja 2013-2017. Í fyrsta og öðrum áfanga voru fáar rannsóknir sem hægt var að byggja á þegar meta átti áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist en í þriðja áfanga fékkst fjármagn frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti til að ráðast í rannsóknarverkefni sem fólst í spurningakönnunum meðal ferðamanna og útivistariðkenda á sjö svæðum á landinu sem öll voru til umfjöllunar í þriðja áfanga Rammaáætlunar (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2016).

Spurningakönnunin var lögð fyrir ferðamenn á eftirfarandi stöðum: Aldeyjarfossi, Hagavatni, Hágöngum, Hólaskjólí, Seltúni, Skagafirði og Trölladyngju. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða áhrif hugsanlegir virkjunarkostir gætu haft á ferðamenn og útivistariðkendur. Reynt var að leita svara við því hvert aðráttarafl staðanna væri, hvernig ferðamenn skynjuðu þá og hversu ánægðir þeir væru með heimsókn sína. Þá var einnig spurt hvaða mannvirki væru æskileg að mati ferðamanna og viðhorf ferðamanna til einstakra virkjunarhugmynda og til mismunandi tegunda orkuframleiðslu voru könnuð.

Í þessari rannsókn á vegum Rammaáætlunar voru erlendir ferðamenn í miklum meirihluta nema við Trölladyngju, þar sem Íslendingar voru 80 prósent gesta. Almennt voru ferðamenn ánægðir með heimsóknir sínar á viðkomandi svæði og upplifðu þau sem mjög náttúruleg. Langflestir töldu víðerni hluta af aðráttarafli svæðanna, þrátt fyrir að aðeins hluti svæðanna sem voru til skoðunar flokkist sem víðerni samkvæmt skilgreiningum í íslenskum lögum. Að mati ferðamanna felst aðráttarafl svæðanna fyrst og fremst í fegurð náttúrunnar, að náttúran

sé óspillt og að þar séu fáir ferðamenn. Ferðafólkið taldi öll meiriháttar mannvirki óæskileg á svæðunum en töldu fjallaskála, salerni, tjaldsvæði og malarvegi æskilega, þó einhver breytileiki hafi verið á þessum viðhorfum eftir svæðum. Ferðamenn í Skagafirði voru t.d. jákvæðari gagnvart auknum þægindum eins og t.d. veitingasölu og hóteltgistingu en neikvæðir gagnvart virkjunarmannvirkjum. Ferðamenn við Seltún voru jákvæðari gagnvart hvers konar mannvirkjum en á hinum svæðunum. Almennt voru ferðamenn neikvæðir gagnvart frekari uppbyggingu orkumannvirkja og mældist neikvæðnin meiri gagnvart orkumannvirkjum á hálendi. Neikvæðust eru viðhorfin gagnvart lagningu raflína á hálendinu og uppbyggingu vatnsaflsvirkjana á hálendinu (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir & Þorkell Stefánsson, 2016).

## Rannsókn á Blöndusvæðinu

Rannsókn um áhrif Blönduvirkjunar á upplifun ferðamanna var gerð meðal ferðamanna í nágrenni virkjunarinnar við norðanverðan Kjalveg sumarið 2016 (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2017). Rannsóknin var framkvæmd af Land- og ferðamálastofu HÍ fyrir Landsvirkjun sem hafði áhuga á að vita hvort munur væri á viðhorfi ferðamanna til mannvirkja á svæði þar sem búið er að reisa virkjun og á þeim svæðum sem hugmyndir voru uppi um að reisa virkjun. Uppleggið í rannsókninni á Blöndusvæðinu var því ekki aðeins að kanna viðhorf ferðamanna á viðkomandi svæði heldur einnig að bera þær niðurstöður saman við niðurstöður sambærilegra kannana sem voru framkvæmdar sumarið áður á vegum Rammaáætlunar (og fjallað er um hér á undan).

Könnunin var framkvæmd þannig að spyrjar voru staðsettir við Kjalveg, sitt hvoru megin við virkjunarsvæðið, stöðvuðu bifreiðar og báðu farþega um að svara spurningalistum og skila þeim við hinn enda svæðisins. Alls náðuðust 1078 svör með þessum hætti.

Helsta aðráttarafl Blöndusvæðisins að mati ferðamanna var náttúrfegurð og landslag. Nær öllum þótti mikilvægt að upplifa óraskaða náttúru, kyrrð og ró. Flestir ferðamannanna við Blönduvirkjun voru ánægðir með dvöl sína á svæðinu. Þrátt fyrir að virkjunin sé í jaðri hálendisins og nærri byggð - og þar sé að finna virkjunarmannvirki eins og lón, raflínur, stíflur og vegi - telja 92 prósent ferðamanna ósnortin víðerni hluta af aðráttarafli svæðisins. Virkjunin virðist því ekki skemma þá ímynd sem hálendið hefur sem ósnortið víðerni í huga þeirra ferðamanna sem þar fara um. Um tveir þriðju ferðamanna sögðu að tilvist virkjunar hefði ekki áhrif á áhuga þeirra á að ferðast um svæðið, 19 prósent sögðu áhrifin vera jákvæð en 13 prósent voru neikvæð í garð virkjunar. Almennt virðast virkjunarmannvirkin á Blöndusvæðinu trufla ferðamenn lítið og viðhorf ferðamanna á svæðinu eru jákvæðari gagnvart virkjunum en á þeim stöðum sem var fjallað um í rannsókn á vegum

Rammaáætlunar. Ein ástæða þess gæti verið að þangað komi annars konar ferðamenn en á hina staðina og að þeir geri minni kröfur til óspilltar náttúru (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2017).

### 3. GAGNASÖFNUN OG FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR

Gagnasöfnun í rannsókninni við Kröflu fólst í spurningakönnun sem var lögð fyrir ferðamenn á vinsælum skoðunarstöðum á svæðinu. Könnunin var lögð fram á einu A4 blaði sem á var spurningalisti á báðum hliðum sem þátttakendur voru beðnir um að svara skriflega á staðnum. Ferðamenn fengu frið til að svara listanum í einrúmi, án aðkomu spyrils, en hann var til staðar til að aðstoða ef eftir því var leitað. Við hönnun rannsóknar var Kröflusvæðið skilgreint sem eitt rannsóknarsvæði en ákveðið að gagnasöfnun gæti farið fram á fleiri en einum stað innan svæðisins. Spurningalistinn sem var notaður var að stórum hluta sá sami og sá sem var notaður í rannsókn á Blöndusvæðinu, sem aftur byggði að stórum hluta á þeim spurningalista sem var notaður í rannsókn á vegum Rammaáætlunar. Fyrir rannsóknina við Kröflu voru þó gerðar nokkrar breytingar, bæði hvað varðar röð spurninga og eins voru nokkrar spurningar aðlagðar staðháttum á Kröflu, þar sem er að finna mannvirki tengd jarðvarmavirkjun, ólíft Blöndu sem er vatnsaflsvirkjun. Spurningalistann, á mismunandi tungumálum, er að finna í Viðauka 1.

Í þessum kafla verður hönnun og framkvæmd spurningakönnunar lýst, hvernig til tókst, helstu áskoranir og með hvaða hætti var unnið úr gögnunum.

#### Hönnun og framkvæmd spurningakönnunar

Í könnuninni voru ferðamenn spurðir útí upplifun sína af svæðinu og hvað þeir gerðu. Þeir fengu blað með spurningum sem sneru að viðhorfi þeirra til mannvirkja og frekari uppbyggingu orkuvinnslu á láglendi og hálendi. Einnig var kannað hversu mikilvægt þeim þótti að geta upplifað víðerni og ósnortna náttúru og spurt hvaða áhrif tiltekin mannvirki hefðu haft á upplifun þeirra. Einnig var kannað hvaða skoðanir þeir hefðu á mannvirkjum á svæðinu, bæði þeim sem þegar voru þar og á mismunandi tegund mannvirkja sem ekki voru til staðar. Í þeim spurningum sem viðhorf var kannað var notast við fimm stiga Likert-kvarða, t.d. 1 = mjög neikvætt, 2 = frekar neikvætt, 3 = hvorki né, 4 = frekar jákvætt og 5 = mjög jákvætt. Út frá þessu voru reiknuð meðaltöl sem gerðu mögulegt að bera saman einstaka þætti innan könnunarinnar en einnig að bera saman niðurstöður tiltekinna spurninga úr Kröflurannsókn við sambærilegar spurningar í rannsókn á Blöndusvæðinu og rannsókn á vegum Rammaáætlunar.

Spurningakönnunin var framkvæmd á 15 dögum í júlí, ágúst og september. Spyrill var á staðnum á þeim dögum sem merktir eru við á meðfylgjandi töflu og var staðsettur sitt á hvað við Víti, við Leirhnjúksplan eða í gestastofu. Spyrill var einn á ferð alla daga nema síðustu tvo

dagana (í september) þá var aðalhöfundur skýrslunnar með í för til að fylgjast með og aðstoðaði við að leggja spurningakönnun fyrir ferðamennina.

**Tafla 1: Yfirlit yfir fjölda svara þá daga sem spyrill var á staðnum (blálituð box)**

Mánudagar	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar	Föstudagar	Laugardagar	Sunnudagar
17. júlí Svör: 52	18. júlí Svör: 47	19. júlí Svör: 66	20. júlí	21. júlí	22. júlí	23. júlí
24. júlí Svör: 89	25. júlí Svör: 84	26. júlí Svör: 49	27. júlí	28. júlí	29. júlí	30. júlí
31. júlí	1. ágúst	2. ágúst	3. ágúst Svör: 88	4. ágúst Svör: 97	5. ágúst Svör: 39	6. ágúst
7. ágúst	8. ágúst	9. ágúst	10. ágúst	11. ágúst	12. ágúst	13. ágúst
14. ágúst	15. ágúst	16. ágúst	17. ágúst	18. ágúst	19. ágúst Svör: 80	20. ágúst Svör: 78
21. ágúst Svör: 123	22. ágúst Svör: 73	23. ágúst	24. ágúst	25. ágúst	26. ágúst	27. ágúst
28. ágúst	29. ágúst	30. ágúst	31. ágúst	1. sept.	2. sept.	3. sept.
4. sept.	5. sept.	6. sept. Svör: 135	7. sept. Svör: 108	8. sept.	9. sept.	10. sept.

Stefnt var að því að ná 1200 svörum, til að tryggja nægjanlega stórt þýði svo að hægt yrði að gera samanburð milli hópa eftir t.d. kyni, aldri og þjóðerni. Alls náðust 1208 svör á þessum 15 dögum, eða rétt rúmlega fjöldinn sem stefnt var að. Fæst svör á einum degi voru 39 en flest 135. Fjöldi svara á hverjum degi fór eftir ýmsum þáttum, svo sem veðri, tímalengd sem spyrill var á staðnum, hvar hann var staðsettur og fjölda ferðamanna hverju sinni. Oft var fjöldi ferðamanna þó svo mikill að stærsti takmarkandi þátturinn var hversu fljótur spyrill var að dreifa spurningablöðum og fá þau til baka frá þeim sem svöruðu, þ.e.a.s. ferðamennirnir voru fleiri en svo að hægt væri að ná þeim öllum til að svara spurningalistum. Þetta sést best á því að dagana tvo í september, þegar spyrilarnir voru tveir, gekk talsvert hraðar að safna svörum en þegar aðeins einn spyrill var að störfum.

Spurningalistinn var á fjórum tungumálum: Íslensku, ensku, þýsku og frönsku. Þó flestir þeirra ferðamanna sem væru stoppaðir tækju vel í þá bón að svara listanum var talsvert um að fólk vísaði könnuninni frá sér á þeim forsendum að það treysti sér ekki til að svara á neinu þeirra tungumála sem voru í boði. Átti þetta ekki síst við um ferðamenn frá Asíu. Önnur algeng ástæða fyrir því að ferðamenn báðust undan að svara könnun var að þeir töldu sig ekki hafa tíma. Var það tilfinning spyrila að þetta ætti frekar við um fólk sem ferðaðist um í rútum sem hluti af stórum hóp en hinum sem voru á eigin vegum eða í minni hópum.

Við hönnun spurningalista var gert ráð fyrir að það tæki um 5-10 mínútur að svara spurningunum. Í raun voru flestir ferðamennirnir talsvert lengur að svara og margir sem kvörtuðu yfir lengd eða einfaldlega skiluðu inn hálfkláruðum listum. Sérstaklega vafðist

spurning 14 fyrir mörgum, sem sést m.a. á því að um fjórðungur svarenda sleppti þeirri spurningu. Sumir tóku einfaldlega ekki eftir því að könnunin væri tvær blaðsíður en jafnvel þó að spyrjar minntu á síðu tvö voru talsvert margir sem gáfust upp og skiluðu listanum engu að síður hálfkláruðum. Í dagbók spyrils kemur fram að margir hafi kvartað yfir lengd en einnig að sumir hafi nefnt að erfitt væri að svara þessum spurningum fyrir þá sem væru ekki staðkunnugir.



**Mynd 5: Valeriya Posmitnaya, spyrill í spurningakönnun, við bílastæðið við Víti**

Veðrið hafði líka umtalsverð áhrif á vilja ferðafólks til að taka þátt í könnunni. Ef það var mikill vindur, rigning og/eða kalt treysti fólk sér síður til að standa lengi og fylla út spurningalista. Um miðbik þess tíma sem könnunin stóð yfir fékk spyrill til afnota bíl frá Landsvirkjun sem hægt var að bjóða fólki að sitja í á meðan það svaraði könnuninni. Bíllinn var til staðar á könnunardögum 10, 11, 12 og 13 og spyrjar höfðu annan sambærilegan bíl til afnota á könnunardegi 14 og 15. Bíllinn hjálpaði mikið til, sérstaklega þegar mikið blés eða rigndi.

Eitt af því sem var snúið í könnuninni var að rannsóknarsvæðið var ekki skýrt afmarkað í hugum ferðafólksins. Þrátt fyrir að könnuninni fylgdi kort þar sem rannsóknarsvæðið var skilgreint (sjá mynd 1) er ljóst að sumir þeirra sem svöruðu könnuninni höfðu mun stærra svæði í huga, t.d. Mývatnssvæðið í heild, Norðurland eða jafnvel Ísland sem áfangastað. Þeir

sem ekki þekkja staðhætti geta átt erfitt með að greina hvaða staðir falla innan svæðis og hverjir eru utan þess, ferðamenn muna ekki endilega nöfn þeirra staða sem þeir hafa skoðað og því líklegt að hver og einn svarar könnuninni út frá eigin hugarkorti.

## Úrvinnsla gagna

Þegar tilskilinn fjöldi svara hafði náðst voru spurningalistar sendir til Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA) sem sá um að skanna þá inn í sjálfvirkan skönnunar- og gagnavinnsluhugbúnað sem færir upplýsingar af prentformi yfir í stafrænt form. Þessi búnaður getur lesið handskrift, prentað mál, merkingar og strikamerki. Með því að nýta þennan búnað til að skanna inn spurningalistana dró úr líkum á mannlegum mistökum sem óhjákvæmilega verða við handvirkan innslátt gagna og því var hægt að tryggja mun meiri nákvæmni en ella hefði verið. Þegar gögnin höfðu verið færð inn í tölfræðiforrit voru tölfræðipróf keyrð fyrir þær spurningar sem við átti til að kanna hvort sá munur sem greindist milli hópa væri marktækur. Notast var við t-próf í þeim tilfellum þar sem hópar voru aðeins tveir, en anova próf þar sem hópar voru þrír eða fleiri. Þetta voru þau próf sem notuð voru í þeim rannsóknum sem voru til samanburðar (Blöndurannsókn og rannsókn á vegum Rammaáætlunar) og hentuðu því best til að hægt væri að bera saman meðaltöl. Fyrir þær spurningar sem ekki voru reiknuð meðaltöl var stuðst við kí kvarðat próf út frá krosstöflum (e. *Chi square – crosstabs*).

Gögnunum var skilað til RMF á excelskjali sem síðan var notað til að útbúa skífurit, stöplarit og aðrar myndir sem best þóttu henta til að sýna helstu niðurstöður. Myndefnið sýnir heildarniðurstöður fyrir hverja spurningu en í texta er dregið fram hvort marktækur munur sé milli hópa, hvað sé helst eftirtektarvert í þeim efnunum og velt upp hugsanlegum skýringum þar sem forsendur voru til að meta slíkt. Tölfræðilega marktækur munur er miðaður við p-gildi undir 0,05.

Auk mynda sem sýna heildarniðurstöður fyrir einstakar spurningar eru birtar töflur í textanum þar sem meðaltal viðkomandi spurningar er borið saman við meðaltal fyrir sömu spurningu í rannsókn á Blöndusvæðinu og rannsókn á vegum Rammaáætlunar í þeim tilvikum sem slíkur samanburður var mögulegur.

Ítarlegri tölfræðigreiningu er að finna í Viðauka 2, þar sem eru birtar töflur fyrir hverja spurningu sem sýnir fjölda svarenda (N), dreifingu svara eftir mismunandi hópum, staðalfrávik og niðurstöður úr tölfræðiprófum (P-gildi).



## 4. SPURNINGAKÖNNUN - HELSTU NIÐURSTÖÐUR


Eins og fram kom í inngangskafli var markmið þessarar rannsóknar að meta áhrif Kröfluvirkjunar og tengdra mannvirkja á upplifun ferðamanna á svæðinu og bera saman við niðurstöður úr sambærilegri rannsókn sem fór fram á Blöndusvæðinu sumarið og haustið 2016 og niðurstöðum spurningakannana sem voru lagðar fyrir ferðamenn sumarið 2015 á sjö svæðum sem voru til skoðunar í þriðja áfanga Rammaáætlunar (vernd og nýting). Þetta var gert með því að leggja spurningakönnun fyrir ferðamenn á Kröflusvæðinu sumarið 2017. Í þessum kafla er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr spurningakönnuninni.

## Bakgrunnur þátttakenda

Langflestir þeirra ferðamanna sem fóru um svæðið voru erlendir. Hér verður gerð grein fyrir hvernig þátttakendur í spurningakönnuninni skiptast eftir þjóðernum, kyni, aldri og öðrum bakgrunnsbreytum sem kannaðar voru.

### Þjóðerni

Athygli vekur að af rétt rúmlega 1200 þátttakendum í spurningakönnuninni voru aðeins 23 Íslendingar, eða um 2 prósent svarenda. Þetta er umtalsvert lægra hlutfall en í þeim könnunum sem voru hafðar til hliðsjónar í þessari rannsókn. Þetta lága hlutfall gerir það að verkum að varasamt er að draga víðtækar ályktanir um mun á milli upplifunar erlendra ferðamanna og Íslendinga, þar sem um afar fáa einstaklinga er að ræða í íslenska hópnum.



Mynd 6: Skipting svarenda eftir þjóðerni

Eins og tafla 2 sýnir er talsverður munur á skiptingu eftir þjóðernum í þessari rannsókn, í rannsókn um Blönduvirkjun og á þeim stöðum sem voru til skoðunar í rannsókn í tengslum við Rammaáætlun. Ekki er alltaf auðvelt að geta sér til um hvað skýri þennan mun en mikilvægt er að hafa það í huga við samanburð á þessum rannsóknnum að samsetning ferðamanna er ólík eftir svæðum.


**Tafla 2: Skipting eftir þjóðernum í spurningakönnunum á mismunandi svæðum<sup>1</sup>**

	Ísland	Þýskaland	Frakkland	Sviss /Austurríki	Benelux	Visegrad	Ítalía/Spánn	Norðurlönd	Bretland /Írland	USA/Kanada	Önnur lönd
<b>Krafla '17</b>	2,1%	16,0%	18,1%	6,6%	8,6%	4,8%	14,3%	2,6%	1,9%	13,6%	11,6%
<b>Blanda '16</b>	9,2%	35,1%	10,7%	8,9%	7,1%	5,2%	4,9%	3,9%	2,9%	7,5%	4,9%
<b>Rammi '15</b>											
<b>Aldeyjarfoss</b>	11,4%	33,3%	10,2%	11,7%	9,0%	5,9%	3,4%	3,1%	2,2%	5,6%	4,3%
<b>Hagavatn</b>	34,1%	18,3%	13,4%	25,6%	0,0%	3,7%	0,0%	0,0%	0,0%	2,4%	2,4%
<b>Nýidalur</b>	22,1%	19,5%	24,7%	23,4%	2,6%	0,0%	0,0%	6,5%	0,0%	0,0%	1,3%
<b>Hólaskjól</b>	12,6%	10,3%	24,8%	15,8%	5,7%	3,6%	13,6%	2,6%	2,6%	6,0%	2,4%
<b>Seltún</b>	6,0%	15,8%	10,3%	9,2%	6,0%	8,9%	4,3%	4,2%	8,0%	20,1%	7,3%
<b>Skagafjörður</b>	18,5%	27,8%	3,5%	10,1%	2,2%	1,3%	0,4%	11,9%	7,9%	11,0%	5,3%
<b>Trölladyngja</b>	78,9%	1,6%	3,3%	0,0%	1,6%	0,0%	0,8%	4,9%	1,6%	4,9%	2,4%


<sup>1</sup> Visegrad stendur fyrir fjögur Mið-Evrópulönd: Tékkland, Slóvakíu, Pólland og Ungverjaland. Benelux stendur fyrir Belgíu, Holland og Luxemborg.

## Kyn og aldur

Eins og mynd 7 sýnir var nokkuð jafnt hlutfall milli karla og kvenna sem svöruðu spurningakönnun en þegar aldursdreifing er skoðuð (mynd 8) kemur í ljós að hlutfall svarenda í næstýngsta aldurshópnum (26-35 ára) var nærri tvöfalt hærra en í öðrum aldurshópum.



Mynd 7: Skipting svarenda eftir kyni




Mynd 8: Skipting svarenda eftir aldri

Þegar rýnt er nánar í gögnin kemur í ljós nokkur munur í aldursdreifingu eftir þjóðerni. Þannig eru t.d. hlutfallslega fleiri ferðamenn í elsta aldurshópnum hjá þeim sem koma frá Norður-Ameríku, Bretland/Írlandi og Norðurlöndunum en er raunin meðal þeirra sem koma

frá öðrum löndum. Visegrad löndin og ferðamenn frá Asíu skera sig úr að því leyti að þar eru hlutfallslega fleiri í yngstu aldurshópnum tveimur en þeim eldri. Hugsanlegt er að ferðamenn frá Mið-Evrópu og Asíu í yngri aldurshópnum hafi verið öruggari í ensku en þeir eldri, og því hafi myndast einhver skekkja í gögnunum, en það var nokkuð algengt að ferðamenn frá þessum löndum bæðust undan því að taka þátt í könnuninni vegna takmarkaðrar kunnáttu í þeim tungumálum sem voru í boði á spurningalistunum (enska, þýska, franska og íslenska).


### Aðrar bakgrunnsbreytur

Eins og fram kemur í kafla 3 um gagnasöfnun var spyrill staðsettur á víxl við Víti, á Leirhnjúksplani og í Gestastofu. Meira en helmingur svara náðist við Víti, rúmur þriðjungur var frá Leirhnjúksplani og 12 prósent í Gestastofu (sjá mynd 9).




Mynd 9: Staðsetning þátttakenda þegar könnun var svarað

Ferðamennirnir voru einnig spurðir við hvað þeir störfuðu, með hverjum þeir hafi ferðast og hvernig. Langflestir þeirra sem svöruðu spurningu um starf merktu við nemandi, stjórnandi eða starfsheiti sem flokkast gæti sem sérfræðistörf en tæplega þriðjungur merkti við annað (t.d. eftirlaunaþegar, heimavinnandi, ófaglærður eða skrifað inn svar í auðan reit).




Mynd 10: Skipting ferðamanna eftir starfi

Flestir þeirra sem svöruðu spurningakönnuninni sögðust vera á ferðalagi með einhverjum úr fjölskyldunni (tæp 52 prósent) og næstflestir með ættingjum eða vinum (tæp 32 prósent). Tæplega 12 prósent voru í skipulagðri hópferð og rúmlega 7 prósent voru ein á ferð.



**Mynd 11: Með hverjum ferðast þú?**

Spurning um ferðamáta er áhugaverð fyrir rannsóknina því hún tengist einnig aðgengi að svæðinu. Talsvert var um hópferðabíla á Kröflusvæðinu dagana sem spurningakönnunin fór fram en engu að síður eru langflestir svarenda á bílum (tæp 76 prósent á bílaleigubílum og 15 prósent á eigin bílum). Tæp 9 prósent merktu við hópferðabíl. Tilfinning spyrna var sú að ferðamenn í hópferðabílum væru oftast að flýta sér og því síður tilbúnir að taka sér tíma til að svara spurningalista og því hugsanlegt að í úrtaki könnunarinnar hafi verið hlutfallslega færri í hópferðabílum en er raunin ef allir ferðamenn sem komu á svæðið þessa daga væru taldir með.



**Mynd 12: Hvernig ferðast þú?**

## Upplifun af svæðinu


Í spurningakönnuninni var spurt um ánægju með dvöl á svæðinu og með náttúru svæðisins. Þá var einnig spurningaknippi með lýsingarorðum til að fá tilfinningu fyrir því hvernig ferðamenn skynjuðu svæðið. Einnig var spurt að því hvað ferðafólk gerði, hversu lengi það dvaldi á svæðinu og hvort það teldi vanta innviði fyrir ferðamennsku – allt þættir sem geta haft áhrif á upplifun.

Ferðafólkið á Kröflusvæðinu var almennt ánægt með heimsókn sína á Kröflusvæðið og mjög ánægt með náttúru svæðisins. Þá taldi yfirgnæfandi meirihluti svarenda svæðið áhrifamikið og falletgt. Heldur færri merkja við að það sé mjög náttúrulegt og innan við helmingur telur það mjög kyrrt. Þrátt fyrir að svæðið fái lægri meðaleinkunn hvað kyrrð varðar en þeir staðir sem voru til skoðunar í þeim rannsóknum sem hér eru til samanburðar eru hlutfallslega fleiri ánægðir með náttúru svæðisins.



## Ánægja með dvöl á svæðinu

Rúmlega 93 prósent þeirra sem svöruðu spurningakönnun eru mjög ánægð eða ánægð með dvöl sína á Kröflusvæðinu. Ekki var afgerandi munur milli hópa fyrir þessa spurningu.



**Mynd 13: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með dvölinu á svæðinu?**

Sé þessi spurning borin saman við sömu spurningu í rannsókn á Blöndusvæðinu og rannsókn á vegum Rammaáætlunar kemur í ljós að ánægja með dvöl á Kröflusvæðinu er að meðaltali sviðuð eða hærri en á samanburðarstöðum.


**Tafla 3: Ánægja með dvölinu á svæðinu, borið saman við aðra staði**

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1182	4,4
Blanda (2016)	1012	4,1
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	332	4,4
Hagavatn	93	4,4
Hólaskjól	426	4,1
Nýidalur	83	4,2
Seltún	723	4,0
Skagafjörður	225	4,5
Trölladyngja	129	4,0

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög óánægð(ur) og 5 = mjög ánægð(ur)

## Ánægja með náttúru svæðisins

Meira en 95 prósent gesta voru mjög ánægðir eða ánægðir með náttúru svæðisins. Ekki var áberandi munur milli hópa eftir þjóðernum en svarendur voru almennt ánægðari með náttúru svæðisins eftir því sem þeir dvöldu lengur.



**Mynd 14: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með náttúru svæðisins?**

Eins og sést í töflu 4 er ánægja með náttúru svæðisins meiri meðal ferðamanna á Kröflusvæðinu en á þeim svæðum sem voru til skoðunar í rannsókn á Blöndusvæðinu og rannsókn á vegum Rammaáætlunar.


**Tafla 4: Ánægja með náttúru svæðisins, borið saman við aðra staði**

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1155	4,7
Blanda (2016)	1029	4,2
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	333	4,6
Hagavatn	92	4,5
Hólaskjól	418	4,4
Nýidalur	84	4,5
Seltún	722	4,2
Skagafjörður	224	4,6
Trölladyngja	129	4,1

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög óánægð(ur) og 5 = mjög ánægð(ur)

### Er svæðið manngert eða náttúrulegt?

Tæp 86 prósent svarenda telja svæðið frekar eða mjög náttúrulegt. Rétt tæplega 9 prósent svara því til að það sé frekar eða mjög manngert. Hlutfallslega fleiri sem svöruðu á Leirhnjúksplani merktu við að svæðið væri mjög náttúrulegt en þeir sem svöruðu við Víti eða í Gestastofu. Þá var einnig munur milli hópa eftir þjóðernum og veður þar sérstaka athygli að Íslendingar og aðrir Norðurlandabúar eru þeir sem merkja sjaldnast við að þeir telji svæðið mjög náttúrulegt (innan við 50 prósent), en þeir sem merktu oftast við þann valkost voru Bretar, Frakkar og Asíubúar (yfir 70 prósent).



**Mynd 15: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Manngert - Náttúrulegt**

Þegar þessi spurning er borin saman við sambærilegar spurningar í rannsókni á Blöndusvæðinu og rannsókni á vegum Rammaáætlunar sést að Krafla og Blanda skera sig úr að því leyti að svarendur upplifa þau svæði heldur meira manngerð en þeir sem svara á öllum þeim sjö stöðum sem voru til skoðunar í þeirri rannsókni Rammaáætlunar sem hér er til samanburðar. Hér þarf að hafa í huga að staðirnir þar sem ferðamenn voru stoppaðir í þeirri rannsókni voru á svæði þar sem virkjunarkostir voru til skoðunar en engin mannvirki tengd orkuvinnslu voru til staðar, ólíkt því sem við á um bæði Blöndu og Kröflu.


**Tafla 5: Manngert eða náttúrulegt svæði, borið saman við aðra staði**

<b>Staður</b>	<b>Fjöldi (N)</b>	<b>Meðaltal</b>
Krafla (2017)	1129	4,4
Blanda (2016)	1032	4,5
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	328	4,9
Hagavatn	93	4,8
Hólaskjól	417	4,8
Nýidalur	85	4,8
Seltún	702	4,6
Skagafjörður	219	4,8
Trölladyngja	131	4,7

*Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög manngert og 5 = mjög náttúrulegt*

### Er svæðið hávært eða kyrrt?

Tæplega 74 prósent telja svæðið kyrrt eða mjög kyrrt, rúm 11 prósent hvorki né en rúm 15 prósent telja það hávært eða mjög hávært. Talsverður munur var milli hópa eftir þjóðerni og athygli vekur að rúmlega 71 prósent Asíubúa merktu við að þeir upplifðu svæðið mjög kyrrt á meðan sambærilegt hlutfall Íslendinga og Þjóðverja var rúm 26 prósent. Svarendur af öðrum þjóðernum voru þarna á milli. Þá var einnig munur á þessari spurningu eftir því hvar fólk svaraði spurningalistum en þeir ferðamenn sem voru stoppaðir á Leirhnjúksplani voru líklegri til að merkja við valkostinn „mjög kyrrt“ en þeir sem voru stoppaðir við Víti eða í gestastofu. Þá voru talsvert fleiri við Víti sem töldu svæðið hávært eða mjög hávært, eða um 20 prósent, samanborið við um 10 prósent þeirra sem svöruðu á Leirhnjúksplani og í gestastofu.



**Mynd 16: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Hávært - Kyrrt**


Þegar þessi spurning eru borin saman við sambærilega spurningu fyrir Blöndusvæðið og þá staði sem voru til skoðunar í rannsókn á vegum Rammaáætlunar kemur í ljós að ferðamenn telja Kröflusvæðið talsvert háværara en á við um hina staðina.

Tafla 6: Hávært eða kyrrt svæði, borið saman við aðra staði

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1130	3,9
Blanda (2016)	1012	4,8
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	323	4,6
Hagavatn	90	4,9
Hólaskjól	417	4,8
Nýidalur	86	4,8
Seltún	681	4,3
Skagafjörður	216	4,7
Trölladyngja	129	4,8

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-Kvarða: 1 = mjög hávært og 5 mjög kyrrt

Til að átta sig betur á hvað gæti skýrt þennan mun voru svör við þessari spurningu einnig skoðuð út frá því hvort blástur hefði verið á borholum eða ekki. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun þurfti að slökkva á vélum frá 20. ágúst til 5. september og á þeim tíma voru holur í blæstri. Þetta þýðir að holur voru í blæstri 3 daga af þeim 15 sem spyrill var á staðnum, þ.e.a.s. 20., 21. og 22. ágúst. Samtals voru 1130 svör við þessari spurningu, 256 svör fyrir dagana þrjá sem holurnar voru í blæstri og 874 fyrir hina dagana þegar vélarnar voru í gangi og því ekki blástur á holunum. Í ljós kom að ferðafólkið taldi svæðið talsvert mikið háværra dagana sem holurnar voru í blæstri. Aðeins tæp 9 prósent töldu svæðið mjög eða frekar hávært dagana sem holur voru ekki í blæstri en þessi tala fór upp í tæp 36 prósent dagana þrjá sem blástur var á holunum.




Mynd 17: Hversu hávært/kyrrt er svæðið (með eða án blásturs í holum)?

Mismunandi svör eftir því hvort holur voru í blæstri eða ekki skýrir því að stórum hluta hvers vegna ferðafólk við Kröflu upplifir svæðið síður kyrrt en á þeim stöðum sem voru til samanburðar en þó ekki að öllu leyti. Þegar meðaltal er skoðað fyrir þessa spurningu dagana sem holurnar voru ekki í blæstri kemur í ljós að þó það sé talsvert hærra en fyrir dagana sem holurnar voru í blæstri (4,1 miðað við 3,3 þá daga sem blástur var á holum), þá er meðaltalið engu að síður nokkuð lægra en það mældist fyrir sömu spurningu á Blöndusvæði og á þeim stöðum sem voru til skoðunar í rannsókn á vegum Rammaáætlunar. Ekki er hægt að álykta beint út frá gögnunum en hugsanlega hefur mikill fjöldi ferðamanna, sérstaklega við Víti, haft einhver áhrif í þá átt að fleiri ferðamenn upplifðu svæðið hávært en á þeim stöðum sem eru til samanburðar.

## Er svæðið aðgengilegt?

Aðgengi hefur mikið um það að segja hversu margir ferðamenn sækja stað heim. Um 88 prósent ferðamanna í spurningakönnuninni töldu Kröflusvæðið mjög aðgengilegt eða frekar aðgengilegt en rúm 6 prósent töldu það frekar óaðgengilegt. Ekki var umtalsverður munur á milli hópa hvað þessa spurningu varðar.



Mynd 18: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Óaðgengilegt – Aðgengilegt

Í samanburði við Blöndu og þá staði sem voru til skoðunar í rannsókn Rammaáætlunar upplifa ferðamenn Kröflusvæðið aðgengilegra en alla hina staðina nema Seltún, þar sem meðaltalið er örlítið hærra.

Tafla 7: Óaðgengilegt eða aðgengilegt svæði, samanborði við aðra staði


Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1132	4,4
Blanda (2016)	992	3,9
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	320	3,8
Hagavatn	88	3,1
Hólaskjól	404	3,5
Nýidalur	83	3,3
Seltún	682	4,5
Skagafjörður	211	4,0
Trölladyngja	124	3,5

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög óaðgengilegt og 5 = mjög aðgengilegt



## Er svæðið ljótt eða fallet?

Yfirgnæfandi meirihluti gesta telur Kröflusvæðið mjög fallet eða frekar fallet, eða um 94 prósent. Munur var á milli þjóðerna og í því samhengi er athyglisverðast að skoða hverjir eru líklegastir til að merkja við að svæðið sé mjög ljótt eða frekar ljótt. Þar eru Íslendingarnir fremstir í flokki, en 13 prósent þeirra töldu svæðið mjög ljótt eða frekar ljótt. Sambærilegt hlutfall meðal Ítala/Spánverja var 7,5 prósent, hjá Norðurlandabúum (öðrum en Íslendingum) var það 7,2 prósent og 6,5 prósent meðal ferðamanna frá Bandaríkjunum/Kanada. Hjá öllum öðrum hópum var þetta hlutfall innan við 3 prósent (Þjóðverjar, Frakkar, Austurríki/Sviss, Benelux, Visegrad, Bretland/Írland og önnur lönd).



Mynd 19: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Ljótt – Fallet

Hlutfallslega fleiri telja Kröflusvæðið fallet en Blöndusvæðið en meðaltal Kröflusvæðisins er svipað eða örlítið lægra en fyrir staðina sjö í Rammaáætlun.


Tafla 8: Ljótt eða fallet svæði, samanborið við aðra staði

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1152	4,7
Blanda (2016)	1006	4,4
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	329	4,9
Hagavatn	90	4,8
Hólaskjól	422	4,8
Nýidalur	85	4,6
Seltún	696	4,6
Skagafjörður	220	4,8
Trölladyngja	129	4,8

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða þar sem 1 = mjög ljótt og 5 = mjög fallet

### Er svæðið áhrifamikið?

Svar við þessari spurningu er afdráttarlaust: Nær 95 prósent telur svæðið frekar eða mjög áhrifamikið. Munur milli þjóðerna birtist með svipuðum hætti og í spurningu um hvort svæðið sé ljótt eða fallett: Íslendingar eru líklegastir til að merkja við að svæðið sé frekar eða mjög áhrifalítið og næstir í röðinni eru Norðurlöndin, Ítalía/Spánn og Bandaríkin/Kanada. Þessi spurning var ekki á spurningalista í rannsókn um Blönduvirkjun og því er enginn samanburður við aðra staði.




Mynd 20: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Áhrifalítið - Áhrifamikið

### Aðrir þættir sem tengjast upplifun

Aðrir þættir sem voru kannaðir, og hægt er að tengja við upplifun á svæðinu, var spurning um hvað ferðamennirnir hefðu gert á svæðinu, hvaða staði þeir hefðu skoðað (eða ætluðu að skoða), hversu lengi þeir væru á svæðinu og hvort þeim þætti vanta innviði á svæðið (og þá hvað).


Í spurningu um hvað hefði verið gert var hægt að merkja við fleiri en einn valkost. Flestir merktu við ljósmyndun, eða tæp 88 prósent, en gönguferð var næstalgengust (rúm 79 prósent) og skoðun jarðfræðifyribæra var númer þrjú (rúm 72 prósent). Heldur færri notuðu heimsóknina í að skoða plöntur (rúm 42 prósent), menningarminjar (rúm 28 prósent) eða fugla (rúm 24 prósent). Rúm 27 prósent merktu við valkostinn „Kynna mér jarðvarma“ en fæstir merktu við að tína grös/ber/jurtir eða hjólaferð.

Í rannsókn um Blönduvirkjun og í skýrslu á vegum Rammaætlunar voru ferðamenn ekki spurðir um hvað þeir hefðu gert og því ekki hægt að koma með samanburð við þær rannsóknir.



Mynd 21: Hvað gerðir þú/ætlað að gera á meðan á dvöl þinni stendur?


Spurningu um hvaða staði viðkomandi hefði komið á var ætlað að kanna hvaða staðir innan Kröflusvæðisins væru vinsælustu viðkomustaðirnir. Það kemur ekki á óvart að flestir merktu við Víti, ekki aðeins vegna þess að rúmur helmingur þeirra sem svöruðu könnuninni voru við Víti, heldur voru yfirleitt flestir ferðamenn þar dagana sem spyrill var að störfum. Útsýnisplanið var næstvinsælast, þá Leirhnjúkur en heldur færri fóru á aðra staði. Rétt er að hafa í huga að langflestir voru að sækja svæðið heim í fyrsta skipti og ekki endilega víst að svarendur hafi áttað sig á þeim stöðum sem spurt var um. Sú ályktun fær byr undir báða vængi þegar gögnin eru skoðuð nánar, því margir ferðamenn voru greinilega ekki meðvitaðir um hvar þeir væru staddir þegar þeir svöruðu könnuninni. Þannig merktu t.d. einungis um 80 prósent þeirra sem svöruðu við Leirhnjúk við að þeir hefðu komið á þann stað og hlutfallið var svipað við Víti. Engu að síður er það frekar afdráttarlaus niðurstaða að Víti er vinsælasti viðkomustaðurinn og útsýnisplanið og Leirhnjúkur bítast á um heiðurinn af því að vera næstvinsælasta stoppið.



**Mynd 22: Komst þú á/ætlar þú á einhvern af eftirfarandi stöðum í þessari ferð?**


Vel yfir helmingur þátttakenda í spurningakönnuninni svaraði því til að þeir hefðu verið á svæðinu 13 klukkustundir eða meira, tæpur fjórðungur að dvölin hafi verið 4 til 12 klukkustundir og aðeins 18,5 prósent að þeir hefðu verið þrjá tíma eða minna á svæðinu. Hér ber að hafa í huga, eins og rætt er um í kafla 3, að „svæðið“ getur verið mismunandi stórt í huga svarenda, óháð því hvernig það er afmarkað á korti sem fylgdi spurningakönnun (sem afmarkaðist við sjálft Kröflusvæðið, eins og sjá má á mynd 1).

Miðað við opin svör - þar sem hægt var að skrifa inn hvar ferðafólkið hefði gist nóttina áður og áætlaði að gista næstu nótt - er líklegt að flestir hafi séð „svæðið“ fyrir sér sem allt Mývatnssvæðið, og jafnvel sem Norðurlandið í heild sinni (margir voru t.d. í dagsferð frá Akureyri, eða á leið frá Egilsstöðum til Akureyrar). Þeir fáu Íslendingar sem tóku þátt í spurningakönnuninni skáru sig frá öðrum að því leyttinu að þeir voru mun líklegri að svara því til að þeir hefðu dvalið 3 klukkustundir eða minna á svæðinu, en meira en 60 prósent þeirra merktu við þann valkost. Ekki er ólíklegt að þessi hópur hafi verið líklegri en aðrir til að skilgreina svæðið með sama hætti og á kortinu, enda kunnugri staðhættum og því átt auðveldara með að átta sig á ytri mörkum svæðisins.



**Mynd 23: Hvað dvelur/dvaldir þú lengi á svæðinu?**

Spurning um innviði tengist líka upplifun fólks af svæðinu. Mikill meirihluti svarenda taldi að ekki vantaði sérstaklega innviði á svæðinu en 22 prósent merktu við „já“ og svöruðu í framhaldi opinni spurningu um hvað það væri sem vantaði. Þegar lesið er yfir opnu svörin kemur í ljós að skortur á salernum er það sem yfirgnæfandi meirihluti þessa hóps kvartar yfir. Í dagbók spyrils kemur fram að það hafi sérstaklega farið í taugarnar á mörgum að koma að lokuðum salernum við Leirhnjúk og talsvert margir hafi kvartað yfir því, þá daga sem spyrill var staðsettur við Leirhnjúksplan. Annað sem var nefnt nokkuð oft var þörf fyrir fleiri og betri merkingar.




**Mynd 24: Telur þú vanta einhverja innviði fyrir ferðamenn á svæðinu?**

## Viðhorf ferðamanna til náttúru og víðerna

Nokkrar spurningar í könnuninni sneru að því að átta sig á viðhorfum ferðafólksins til náttúru og víðerna almennt, ekki bara á þessu tiltekna svæði. Spurt var um mikilvægi óraskaðrar náttúru, að geta gengið um án þess að sjá mannvirki og að geta upplifað kyrrð. Þá voru svarendur beðnir um að merkja við hvað mætti vera til staðar án þess að svæði missti sérstöðu sína sem víðerni eða óröskuð náttúra og svara því hvort mannvirki sem þeir viti af en sjái ekki trufla upplifun þeirra.

## Mikilvægi óraskaðrar náttúru

Rúmlega 96 prósent ferðafólks merkti við að óröskuð náttúru væri mikilvæg eða mjög mikilvæg. Ekki var áberandi munur milli hópa í svörum við þessari spurningu.



Mynd 25: Hversu mikilvægt er eftirfarandi: Að hægt sé að upplifa óraskaða náttúru?

Sama spurning var á spurningalistum í rannsókn um Blönduvirkjun og rannsókn á vegum Rammaáætlunar. Þegar niðurstöður eru bornar saman kemur í ljós að meðaltal fyrir þessa spurningu er nokkuð svipað fyrir alla staði, eða á bilinu 4,5 til 4,8 (í samanburði við 4,7 fyrir Kröflu).

Tafla 9: Mikilvægi óraskaðrar náttúru, samanborði við aðra staði


Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1179	4,7
Blanda (2016)	1036	4,6
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	326	4,8
Hagavatn	94	4,7
Hólaskjól	421	4,8
Nýidalur	87	4,8
Seltún	707	4,5
Skagafjörður	223	4,8
Trölladyngja	129	4,6

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = alls ekki mikilvægt og 5 = mjög mikilvægt



## Áhrif mannvirkja

Rúm 82 prósent svarenda töldu mikilvægt eða mjög mikilvægt að geta gengið án þess að sjá mannvirki en 18 prósent telja það ekki skipta máli. Marktækur munur var á milli kynja og voru konur talsvert líklegri en karlar til að merkja við að það væri mjög mikilvægt að geta gengið án þess að sjá mannvirki (tæp 49 prósent miðað við tæp 40 prósent karla). Hvað aðra hópa varðar þá skera Frakkar sig úr að því leytinu til að 66,5 prósent merkja við að mjög mikilvægt sé að geta gengið án þess að sjá mannvirki og innan við 6 prósent þeirra telur það ekki skipta máli. Önnur þjóðerni skáru sig ekki úr með áberandi hætti.



**Mynd 26: Hversu mikilvægt er eftirfarandi: Að geta gengið án þess að sjá mannvirki?**

Í samanburði við Blöndu og þá staði sem voru til skoðunar í skýrslu Rammaáætlunar, þá er meðaltal úr gögnum frá Kröflu svipað og við Aldeyjarfoss. Meðaltalið meðal ferðamanna við Nýjadal var hærra en lægra á öðrum stöðum. Athygli vekur að í skýrslunni um Blöndu eru það líka franskir ferðamenn sem skera sig úr, en hlutfallslega stærri hluti þeirra telur það að geta gengið án þess að sjá mannvirki mjög mikilvægt. Ekki var hægt að sjá upplýsingar um breytileika milli hópa í skýrslu Rammaáætlunar varðandi þessa spurningu.


**Tafla 10: Mikilvægi fjarveru mannvirkja, samanborið við aðra staði**

<b>Staður</b>	<b>Fjöldi (N)</b>	<b>Meðaltal</b>
Krafla (2017)	1172	4,2
Blanda (2016)	1022	3,7
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	329	4,2
Hagavatn	93	4,1
Hólaskjól	421	4,1
Nýidalur	87	4,4
Seltún	695	3,6
Skagafjörður	226	3,9
Trölladyngja	131	3,9

*Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = alls ekki mikilvægt og 5 = mjög mikilvægt*

## Mikilvægi kyrrðar

Rúmlega 94 prósent svarenda töldu mjög mikilvægt eða mikilvægt að upplifa kyrrð og aðeins tæp sex prósent töldu það ekki skipta máli. Aftur voru það konurnar sem merktu hlutfallslega oftast við „mjög mikilvægt“ en karlar (tæp 69 prósent miðað við tæp 61 prósent). Talsverður munur var milli þjóðerna varðandi hvort þeir töldu kyrrð vera „mikilvæga“ eða „mjög mikilvæga“, en í heild var þó yfirgnæfandi meirihluti í öllum hópum sem merkti við annan hvorn þessara valkosta og afar fáir sem telja kyrrðina litlu eða engu máli skipta.



Mynd 27: Hversu mikilvægt er eftirfarandi: Að hægt sé að njóta kyrrðar?

Hvað samanburð við aðra staði varðar þá var meðaltalið í þessari spurningu mjög svipað á öllum stöðum, bæði við Kröflu í rannsókn um Blönduvirkjun og í skýrslu Rammaáætlunar.


Tafla 11: Mikilvægi kyrrðar, samanborið við aðra staði

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1178	4,6
Blanda (2016)	1038	4,5
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	326	4,6
Hagavatn	93	4,6
Hólaskjól	430	4,6
Nýidalur	86	4,7
Seltún	704	4,3
Skagafjörður	225	4,6
Trölladyngja	131	4,6

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = alls ekki mikilvægt og 5 = mjög mikilvægt

## Hvað má vera til staðar?

Til að átta sig betur á hvaða mannvirki mættu helst vera til staðar án þess að hugtökin víðerni og/eða ósnortin náttúra myndu glata merkingu, þá voru ferðamenn beðnir um að merkja við þá þætti sem þeir töldu að mættu vera til staðar án þess að það skyggði á upplifun þeirra. Eins og sjá má á mynd 28 er mest umburðarlyndi gagnvart stígum mynduðum af umferð manna og dýra og fjallaskálum. Næst á eftir koma lagðir göngustígar, þá vegaslóðar og girðingar. Heldur færri eru til í að hafa vegi eða þjónustumiðstöðvar. Óvinsælustu mannvirkin eru vindmyllur, gufulagnir og raflínur (innan við 15 prósent sem telja þessi mannvirki í lagi) og fjarskiptamöstur, hótél og virkjanir (innan við 10 prósent sem telja þessi mannvirki geti verið til staðar og svæðið samt flokkast sem víðerni og/eða ósnortin náttúra).




**Mynd 28: Hvað má vera til staðar án þess að hugtökin víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu?**

Ekki er hægt að sýna með myndrænum hætti samanburð við Blöndu eða þá staði sem voru til skoðunar í Rammaáætlun, þar sem listinn sem var notaður í þessari rannsókn var örlítið öðruvísi en í hinum rannsóknunum. Ef þessi spurning er borin saman við svipaða spurningu í hinum rannsóknunum kemur þó í ljós að jafnvel þó einhver breytileiki sé eftir svæðum þá eru hótél og virkjanatengd mannvirki almennt óvinsæl meðal ferðamanna, bæði í Blöndurannsókn og rannsókn á vegum Rammaáætlunar, en mest umburðarlyndi er gagnvart fjallaskálum og stígum eftir göngufólk og dýr.

Hvað breytileika milli þjóðerna varðar þá var athyglisvert að vísbendingar voru um að umburðarlyndi væri meira gagnvart þeim mannvirkjum sem ferðamennirnir voru vanir í dreifbýli frá sínum heimaslóðum. Þannig voru t.d. Svisslendingar og Austurríkismenn mjög jákvæðir gagnvart fjallaskálum (tæp 89 prósent töldu að þeir mættu vera til staðar) en neikvæðir gagnvart hótélum (aðeins 3 prósent merktu við að hótél mættu vera til staðar). Á sama tíma voru Ítalir/Spánverjar og Asíubúar neikvæðari en aðrir hópar gagnvart fjallakofum en jákvæðari gagnvart hótélum.

### Áhrif mannvirkja sem ekki sjást

Þátttakendur í spurningakönnun voru einnig spurðir hvort mannvirki sem þeir vissu af en gætu ekki séð hefðu áhrif á upplifun þeirra. Rúm 71 prósent svöruðu að það hefði engin eða lítil áhrif, tæp 20,9 prósent töldu þau hafa einhver áhrif og rúm 9 prósent merktu við að áhrifin væru frekar eða mjög mikil.




**Mynd 29: Hafa nálægt mannvirki, sem þú veist af en sérð ekki, áhrif á upplifun þína af víðernum/ósnortinni náttúru?**

Sömu spurningu var að finna í rannsókn um Blönduvirkjun og þar voru talvert fleiri sem merktu við að áhrifin væru engin, eða tæp 47 prósent en sambærileg spurning var ekki í rannsókn á vegum Rammaáætlunar.


### Víðerni sem hluti af aðdráttarafli Kröflusvæðis?

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda í spurningakönnun töldu víðerni vera hluti af aðdráttarafli svæðisins, eða 93,7 prósent. Þetta er hærra hlutfall en svaraði sambærilegri spurningu játandi í rannsókn á Blöndusvæðinu, þar sem 91,8 prósent svaraði játandi, en í lægri kantinum miðað við svör í rannsókn á vegum Rammaáætlunar, þar sem hlutfall þeirra sem svaraði játandi var á bilinu 93,1-98,5 prósent.



**Mynd 30: Finnst þér víðerni/ósnortin náttúra vera hluti af aðdráttarafli svæðisins?**

Meirihluti svarenda, eða 88,5 prósent, merkti einnig við „já“ í spurningu sem fylgdi í kjölfarið: Komstu á þetta svæði til að upplifa víðerni/ósnortna náttúru? Þetta var einnig hærra hlutfall en í rannsókn á Blöndusvæðinu, þar sem 79,3 svöruðu játandi, en hlutfall þeirra sem svaraði játandi í sambærilegri spurningu í rannsókn á vegum Rammaáætlunar var á bilinu 79,5 til 93,7 prósent.



**Mynd 31: Komstu á þetta svæði til að upplifa víðerni/ósnortna náttúru?**

Þrátt fyrir lítilligan breytileika í svörum á milli svæða eiga allir staðirnir það sameiginlegt að ferðamennirnir líta almennt á víðerni og ósnortna náttúra sem hluta af aðdráttarafli viðkomandi svæðis.

## Almenn viðhorf ferðamanna til virkjana og tengdra mannvirkja

Áður en ferðamennirnir voru spurðir út í áhrif mannvirkja tengdum orkuvinnslu á Kröflusvæðinu á upplifun þeirra var spurningaknippi þar sem almenn viðhorf þeirra til virkjana og tengdra mannvirkja voru könnuð. Þátttakendur voru beðnir að merkja við hversu sammála eða ósammála þeir væru frekari uppbyggingu tiltekinna orkumannvirkja á hálendi Íslands og á láglandi.

Rétt er að taka fram að þessar spurningar voru staðsettar talsvert framar í spurningalistanum sem var notaður á Kröflusvæðinu en í þeim listum sem voru notaðir í Blöndu og í rannsókn á vegum Rammaáætlunar. Hugsanlegt er að staðsetning spurninga hafi haft einhver áhrif á niðurstöður, þar sem svörum fækkar yfirleitt eftir því sem aftar er komið í könnunina og svarendur þá búnir að svara öðrum spurningaknippum með áþekktum spurningum, sem einnig sneru að viðhorfum til mismunandi tegunda mannvirkja.

Í heildina þá voru ferðamenn við Kröflu jákvæðastir gagnvart mannvirkjum tengdum jarðvarmavirkjunum en raflínur voru óvinsælustu mannvirkin. Þeir röðuðu mannvirkjum tengdum vindmyllum ofar, sem mannvirki sem þeir voru jákvæðastir gagnvart, heldur en raunin var með ferðamenn við Blöndu, þar sem vindmyllur voru álíka óvinsælar og raflínur. Reyndar má segja að í heildina hafi ferðafólk á Kröflusvæðinu verið talsvert jákvæðari gagnvart mannvirkjum en átti við um þá sem svöruðu spurningakönnun um Blöndusvæðið eða tóku þátt í rannsókn á vegum Rammaáætlunar.

Í töflu 12 er yfirlit yfir meðaltal svara í könnun á Kröflusvæðinu fyrir mismunandi tegund orkumannvirkja. Í kjölfarið er gerð grein fyrir niðurstöðum fyrir hverja tegund mannvirkja fyrir sig og þær bornar saman við niðurstöður úr rannsókn á Blöndusvæðinu og rannsókn á vegum Rammaáætlunar.

**Tafla 12: Viðhorf til orkumannvirkja**


Krafla (2017)	Fjöldi (N)	Meðaltal
Jarðvarmi - Láglandi	1135	3,5
Jarðvarmi - Hálendi	1139	3,4
Vindmyllur - Láglandi	1125	3,3
Vindmyllur - Hálendi	1144	3,2
Vatnsafl - Láglandi	1144	3,2
Vatnsafl - Hálendi	1155	3,2
Uppistöðulón - Láglandi	1105	3,1
Uppistöðulón - Hálendi	1126	3,1
Raflínur - Láglandi	1113	2,9
Raflínur - Hálendi	1133	2,7

*Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt*



## Vatnsaflsvirkjanir á hálendinu

Tæp 37 prósent svarenda voru frekar eða mjög jákvæð gagnvart vatnsaflsvirkjunum á hálendinu, tæp 24 prósent voru frekar eða mjög neikvæðir en flestir – eða rúm 39 prósent - merktu við valkostinn „hvorki né“. Þeir fáu Íslendingar sem svöruðu könnuninni skáru sig úr að því leyti að hlutfallslega fleiri voru jákvæðir (50 prósent) eða neikvæðir (45 prósent) en aðeins innan við fimm prósent voru hlutlausir. Ekki var jafn áberandi munur milli annarra hópa. Hér skiptir sennilega máli sú umræða sem hefur farið fram innanlands um virkjanir á hálendinu, sem hefur væntanlega ýtt við Íslendingum að taka afstöðu á meðan erlendir ferðamenn hafa hugsanlega síður velt því fyrir sér hvaða skoðanir þeir hafa á virkjunarmannvirkjum.



**Mynd 32: Viðhorf til frekari uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á hálendinu?**

Þegar viðhorf ferðafólks við Kröflu til vatnsaflsvirkjana á hálendinu eru borið saman við Blöndurannsókn og rannsókn á vegum Rammaáætlunar kemur í ljós að svarendur við Kröflu eru almennt jákvæðari í garð þessarar tegundar orkumannvirkja en á við um þá sem svara á hinum stöðunum.


Tafla 13: Viðhorf til vatnsaflsvirkja á hálendinu, samanborið við aðra staði?

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1155	3,2
Blanda (2016)	973	2,9
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	320	2,2
Hagavatn	81	2,2
Hólaskjól	400	2,2
Nýidalur	76	2,3
Seltún	655	2,8
Skagafjörður	224	2,0
Trölladyngja	125	2,3

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt

## Vatnsaflsvirkjanir á láglandi

Álíka margir voru frekar eða mjög jákvæðir í garð vatnsaflsvirkjana á láglandi og á hálendi. Hlutfall þeirra sem var frekar eða mjög neikvætt er hinsvegar heldur lægra, eða tæp 20 prósent og fleiri sem eru hlutlausir (rúm 43 prósent). Ekki var áberandi munur á milli hópa fyrir þessa spurningu og athyglisvert að sjá að svör Íslendinga skera sig ekki úr með sama hætti og átti við um vatnsaflsvirkjanir á hálendi.



Mynd 33: Viðhorf til frekari uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á láglandi?

Í samanburði við aðra staði þá er meðaltal fyrir Kröflu svipað og á Blöndusvæði, en meðaltal fyrir báða þessa staði er hærra fyrir þessa tegund mannvirkja (þ.e.a.s. svarendur eru jákvæðari) en er raunin á stöðunum sjö sem voru til skoðunar í rannsókn Rammaáætlunar.

Tafla 14: Viðhorf til vatnsaflsvirkjana á láglandi, samanborið við aðra staði?

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1144	3,2
Blanda (2016)	959	3,2
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	318	2,6
Hagavatn	81	2,7
Hólaskjól	401	2,6
Nýidalur	74	2,8
Seltún	648	2,9
Skagafjörður	222	2,1
Trölladyngja	125	2,3


Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt

## Jarðvarmavirkjanir á hálendinu

Eins og fyrr segir voru jarðvarmavirkjanir þau mannvirki sem svarendur á Kröflusvæðinu voru jákvæðastir gagnvart, sem er áhugavert í ljósi þess að það voru þau mannvirki sem þeir höfðu fyrir augunum þegar þeir svöruðu könnun.

Hvað varðar jarðvarmavirkjanir á hálendinu þá voru rúm 47 prósent frekar eða mjög jákvæð, tæp 17 prósent voru frekar eða mjög neikvæð en rúm 36 prósent voru hlutlaus.

Munur milli hópa var ekki áberandi en þó einhver og vekur sérstaka athygli að Norðurlandabúar, aðrir en Íslendingar, voru áberandi neikvæðastir gagnvart þessum valkosti, en aðeins 24 prósent þeirra merktu við „frekar jákvætt“ og enginn við „mjög jákvætt“. Hér ber þó að hafa í huga að um fámennan hóp er að ræða, eða einungis 29 svör af 1139 gildum svörum fyrir þessa spurningu (tæp 2,5 prósent).



Mynd 34: Viðhorf til frekari uppbyggingar jarðvarmavirkjana á hálendinu?

Í samanburði við Blöndu og þá staði sem voru til skoðunar í rannsókn á vegum Rammaáætlunar eru svarendur talsvert mikið jákvæðari gagnvart jarðvarma á hálendinu en þeir sem tóku þátt í spurningakönnunum á hinum stöðunum.


**Tafla 15: Viðhorf til jarðvarmavirkjana á hálendinu, samanborið við aðra staði?**

<b>Staður</b>	<b>Fjöldi (N)</b>	<b>Meðaltal</b>
Krafla (2017)	1139	3,4
Blanda (2016)	965	3,0
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	317	2,6
Hagavatn	80	2,5
Hólaskjól	397	2,5
Nýidalur	75	2,4
Seltún	644	2,9
Skagafjörður	221	2,6
Trölladyngja	125	2,3

*Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt*

## Jarðvarmavirkjanir á láglandi

Tæp 48 prósent voru frekar eða mjög jákvæð í garð jarðvarmavirkjana á láglandi, rúm 14 prósent frekar eða mjög jákvæð og tæp 38 prósent hlutlaus og var meðaltal fyrir þessa tegund orkumannvirkja ívið hærra en sambærileg mannvirki á hálendinu. Ekki var marktækur munur milli hópa fyrir þessa spurningu.



Mynd 35: Viðhorf til frekari uppbyggingar jarðvarmavirkjana á láglandi?

Rétt eins og mannvirki tengd jarðvarmavirkjunum á hálendi eru ferðamenn við Kröflu jákvæðari en aðrir gagnvart frekari jarðvarmavirkjunum á láglandi. Munurinn er þó umtalsvert minni en var fyrir jarðvarma á hálendinu.

Tafla 16: Viðhorf til jarðvarmavirkjana á láglandi, samanborið við aðra staði?


Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1135	3,5
Blanda (2016)	954	3,4
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	313	3,0
Hagavatn	79	3,2
Hólaskjól	397	2,9
Nýidalur	75	3,0
Seltún	641	3,0
Skagafjörður	220	2,7
Trölladyngja	122	2,4

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt

## Vindmyllur á hálendinu

Talsverð meiri neikvæðni er í garð vindmylla en gagnvart jarðvarma, en tæp 29 prósent eru frekar eða mjög neikvæð gagnvart vindmyllum á hálendinu, tæp 26 prósent hlutlaus og 45 prósent frekar eða mjög jákvæð. Munurinn felst því fyrst og fremst í því að færri eru hlutlausir en á við um jarðvarmann og færast þeir yfir í flokk neikvæðra, sem dregur niður meðaltalið, þó hlutfall þeirra sem eru jákvæðir sé í raun ekki mikið lægra.

Munur var á milli hópa í þessari spurningu og var sérstaklega áberandi að ferðamenn frá Evrópu voru talsvert neikvæðari en Íslendingar eða ferðamenn frá Norður-Ameríku.



Mynd 36: Viðhorf til vindmylla á hálendinu?

Í samanburði við aðra staði eru ferðamenn við Kröflu umtalsvert jákvæðari í garð vindmylla á hálendi en ferðamenn á Blöndusvæðinu og í rannsókn á vegum Rammaáætlunar.


Tafla 17: Viðhorf til vindmylla á hálendinu, samanborið við aðra staði?

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1144	3,2
Blanda (2016)	966	2,3
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	319	2,4
Hagavatn	80	2,5
Hólaskjól	396	2,2
Nýidalur	73	2,0
Seltún	642	2,8
Skagafjörður	221	2,5
Trölladyngja	126	2,7

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt

## Vindmyllur á láglandi

Rúm 44 prósent eru frekar eða mjög jákvæð, tæp 30 prósent hlutlaus og tæp 26 prósent frekar eða mjög neikvæð gagnvart vindmyllum á láglandi. Munur milli hópa mælist marktækur, og eins og átti við um vindmyllur á hálendi eru það Evrópubúar, sérstaklega Frakkar og Þjóðverjar, sem eru neikvæðastir. Munur milli hópa er þó ekki jafn afgerandi og hvað varðar vindmyllur á hálendinu.



Mynd 37: Viðhorf til vindmylla á láglandi?

Rétt eins og var raunin varðandi vindmyllur á hálendi þá eru fleiri jákvæðir gagnvart vindmyllum á láglandi í þessari könnun en í könnun á Blöndusvæðinu og þeim stöðum sem voru til skoðunar í rannsókn á vegum Rammaáætlunar. Munurinn er þó minni en hann var þegar spurt var um vindmyllur á hálendinu.

Tafla 18: Viðhorf til vindmylla á láglandi, samanborið við aðra staði?


Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1125	3,3
Blanda (2016)	957	2,7
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	315	2,8
Hagavatn	81	3,1
Hólaskjól	398	2,6
Nýidalur	75	2,5
Seltún	641	2,9
Skagafjörður	221	2,6
Trölladyngja	125	2,8

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt



## Uppistöðulón á hálendinu

Heldur fleiri eru neikvæðir gagnvart uppistöðulónum bæði á hálendi og láglandi en gagnvart bæði jarðvarmavirkjunum og vindmyllum. Hvað varðar uppistöðulón á hálendinu eru tæp 37 prósent frekar eða mjög jákvæð, rúm 37 prósent eru hlutlaus en 26 prósent eru frekar eða mjög neikvæð. Talsverður breytileiki var á milli hópa hvað varðar svörun við þessari spurningu. Íslendingar skera sig úr að því leyti að þeir eru áberandi neikvæðastir, meira en helmingur þeirra er frekar eða mjög neikvæður, þar af 39 prósent mjög neikvæð. Bretar/Írarnar skera sig úr að því leyti að þeir eru mun jákvæðari en önnur þjóðerni, en rúm 68 prósent þeirra eru frekar eða mjög jákvæð. Svarendur af öðrum þjóðernum falla þarna á milli.



Mynd 38: Viðhorf til uppistöðulóna á hálendinu?

Viðhorf ferðamanna á Kröflu eru svipuð og þeirra sem svöruðu á Blöndusvæðinu en talsvert jákvæðari en þeirra sem svöruðu könnunum í rannsókn á vegum Rammaáætlunar.


Tafla 19: Viðhorf til uppistöðulóna á hálendinu, samanborið við aðra staði?

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1126	3,1
Blanda (2016)	959	3,1
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	314	2,3
Hagavatn	79	2,2
Hólaskjól	399	2,4
Nýidalur	75	2,3
Seltún	638	2,9
Skagafjörður	219	2,1
Trölladyngja	124	2,3

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt

## Uppistöðulón á láglandi

Niðurstöður varðandi uppistöðulón á láglandi voru svipaðar og úr spurningu um uppistöðulón á hálendi: Tæp 36 prósent voru frekar eða mjög jákvæð, tæp 40 prósent hlutlaus og rúm 24 prósent frekar eða mjög neikvæð. Rétt eins og átti við um uppistöðulón á hálendi er marktækur munur milli þjóðerna og aftur eru það Íslendingar sem eru áberandi neikvæðastir og Bretar/Írar áberandi jákvæðastir.



Mynd 39: Viðhorf til uppistöðulóna á láglandi?

Samanburður við aðra staði er einnig á svipuðum nótum og átti við um uppistöðulón á hálendi, viðhorf á Kröflusvæðinu eru svipuð og á Blöndusvæði en nokkuð jákvæðari en þau viðhorf sem mældust í rannsókn á vegum Rammaáætlunar.

Tafla 20: Viðhorf til uppistöðulóna á láglandi, samanborið við aðra staði?


Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1105	3,1
Blanda (2016)	948	3,2
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	313	2,6
Hagavatn	79	2,7
Hólaskjól	398	2,6
Nýidalur	74	2,7
Seltún	630	3,0
Skagafjörður	217	2,1
Trölladyngja	124	2,4

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt

## Raflínur á hálendinu

Rétt eins og í samanburðarrannsóknum voru raflínur þau orkumannvirki sem fæstir voru jákvæðir fyrir. Aðeins rúmlega 21 prósent svarenda voru frekar eða mjög jákvæð fyrir frekari raflínum á hálendinu, tæp 38 prósent hlutlaus en 41 prósent voru frekar eða mjög neikvæð.

Marktækur munur var á milli þjóðerna en sá munur var þó ekki afgerandi. Helst vekur athygli að Frakkar og Íslendingar eru þeir sem mælast neikvæðastir í garð raflína.



**Mynd 40: Viðhorf til frekari lagningar raflína á hálendinu?**

Þrátt fyrir að raflínur á hálendi hafi verið það orkumannvirki sem fékk lægstu einkunn á Kröflusvæðinu þá er viðhorf í þeirra garð samt jákvæðara en svarenda á Blöndusvæðinu og á öllum þeim stöðum sem voru til skoðunar í rannsókn á vegum Rammaáætlunar nema í Seltúni. Seltún á það sameiginlegt með Kröflusvæðinu að þar var hlutfall Íslendinga í könnun mjög lágt og gæti það verið ein skýring á hærra meðaltal á þessum tveimur stöðum.


**Tafla 21: Viðhorf til raflína á hálendinu, samanborið við aðra staði?**

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1133	2,7
Blanda (2016)	962	2,3
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	316	2,0
Hagavatn	80	2,1
Hólaskjól	401	1,9
Nýidalur	75	1,7
Seltún	642	2,6
Skagafjörður	220	2,0
Trölladyngja	124	2,0

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt

## Raflínur á láglandi

Ferðamenn eru örlítið jákvæðari gagnvart raflínunum á láglandi en raflínunum á hálendinu en neikvæðni gagnvart þessum mannvirkjum mælist engu að síður næstmest. Tæp 26 prósent eru frekar eða mjög jákvæð, tæp 40 prósent eru hlutlaus og tæp 35 prósent eru frekar eða mjög neikvæð. Marktækur munur var á milli þjóðerna og aftur voru það Frakkar og Íslendingar sem voru neikvæðastir, auk Norðurlandabúa en ferðamenn af öðrum þjóðernum voru heldur jákvæðari þó engin skæri sig sérstaklega úr fyrir jákvæðni.



Mynd 41: Viðhorf til frekari lagningar raflína á láglandi?

Rétt eins og var raunin með raflínur á hálendi er meiri jákvæðni fyrir raflínunum á láglandi á Kröflusvæðinu heldur en á Blöndusvæðinu og á þeim stöðum sem voru til skoðunar í rannsókn á vegum Rammaáætlunar en munurinn var þó ekki jafn áberandi og hann var fyrir raflínur á hálendinu.

Tafla 22: Viðhorf til raflína á láglandi, samanborið við aðra staði?

Staður	Fjöldi (N)	Meðaltal
Krafla (2017)	1113	2,9
Blanda (2016)	953	2,7
<i>Rammaáætlun (2015)</i>		
Aldeyjarfoss	315	2,5
Hagavatn	79	2,7
Hólaskjól	398	2,3
Nýidalur	75	2,4
Seltún	637	2,6
Skagafjörður	220	2,3
Trölladyngja	125	2,3

Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt

## Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna

Eins og fram kom í umfjöllun um viðhorf til náttúru og víðerna töldu langflestir ferðamenn víðerni og ósnortna náttúru hluta af aðdráttaraflí Kröflusvæðisins og yfirgnæfandi meirihluti sagðist hafa komið á svæðið til að upplifa víðerni og ósnortna náttúru.

Áhersla á náttúru var líka áberandi í opinni spurningu þar sem spurt var hvers vegna viðkomandi hefði ákveðið að heimsækja Kröflusvæðið, en þar voru þættir eins og náttúra, óvenjulegt landslag og jarðfræðifyrirbrigði gjarnan nefnd sem helsta ástæða heimsóknar. Í ljósi þess hversu mikilvæg ósnortin náttúra virðist vera í hugum ferðamanna er áhugavert að vita hver áhrif mannvirkja sem tengjast orkuvinnslu í Kröflu eru á upplifun þeirra. Þetta er viðfangsefni þeirra spurninga sem fjallað er um hér á eftir.

### Áhrif tiltekinna mannvirkja

Eitt spurningaknippi hafði það að markmiði að kanna hvaða áhrif tiltekin mannvirki sem eru á Kröflusvæðinu hefðu haft á upplifun ferðafólks á svæðinu. Mannvirkin sem voru til skoðunar voru eftirfarandi: Gufulagnir, raflínur, malbikaður vegur, borholur í blæstri/gufa + hljóð, malarvegur og byggingar. Þessi tiltekni listi er sérhannaður fyrir aðstæður á Kröflu og því engin samhljóða spurning í könnunum á Blöndusvæðinu og í rannsókn á vegum Rammaáætlunar sem hægt er að bera saman við.


Tafla 23 gefur yfirlit yfir áhrif tiltekinna mannvirkja á upplifun en í kjölfarið eru niðurstöður hverrar tegundar mannvirkja fyrir sig raktar.

**Tafla 23: Áhrif á upplifun - yfirlit**

<b>Krafla (2017)</b>	<b>Fjöldi (N)</b>	<b>Meðaltal</b>
Malbikaðir vegir	1159	3,3
Malarvegir	1155	3,2
Borholur (gufa+hljóð)	1156	3,1
Gufulagnir	1152	2,8
Byggingar	1146	2,6
Raflínur	1140	2,6


*Meðaltal í töflu vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög neikvætt og 5 = mjög jákvætt*

Meiri en helmingur svarenda taldi gufulagnir ekki hafa áhrif á upplifun sína af svæðinu en af þeim sem töldu þær hafa áhrif þá voru talsvert fleiri sem töldu áhrifin vera neikvæð, eða tæp 30 prósent miðað við tæp 14 prósent sem voru frekar eða mjög jákvæð. Marktækur munur greindist á milli þjóðerna en hann var þó ekki sérlega afgerandi. Helst vekur athygli að Norðurlandabúar, aðrir en Íslendingar, eru heldur neikvæðari en aðrir, en hafa ber í huga að sá hópur er lítil hluti af heildarsvörum, eða 29 svör af 1152 (2,5 prósent).




**Mynd 42: Hvaða áhrif höfðu gufulagnir á upplifun þína af svæðinu?**

Álíka margir telja raflínur ekki hafa nein áhrif á upplifun og var raunin með gufulagnir en þeir neikvæðu eru hinsvegar talsvert fleiri, eða rúmlega 41 prósent svarenda sem eru frekar eða mjög neikvæðir. Aðeins rúmlega 5 prósent voru frekar eða mjög jákvæð. Aftur er það þjóðerni sem sýnir mesta breytileikann milli hópa. Þótt enginn hafi verið sérlega jákvæður gagnvart raflínunum þá voru Þjóðverjar minnst neikvæðir. Hlutfall Þjóðverja sem merkti við að raflínur hefðu ekki haft nein áhrif á upplifun var áberandi hátt, eða 72 prósent, á meðan hlutfall þeirra sem merktu við þennan valkost hjá öðrum þjóðernum var á bilinu 40 til 62 prósent. Neikvæðastir voru Íslendingar, Frakkar, ferðamenn frá Benelux löndunum og Bretar/Írar. Úr þessum hópi skáru Íslendingar sig úr að því leyti að hlutfallslega fleiri merktu við valkostinn „mjög neikvætt“, eða um 19 prósent.



**Mynd 43: Hvaða áhrif höfðu raflínur á upplifun þína af svæðinu?**


Mikill meirihluti svarenda var annað hvort hlutlaus eða jákvæður gagnvart malbikuðum vegi en tæp 14 prósent voru frekar eða mjög neikvæð. Munur var á milli þjóðerna og voru ferðamenn frá Norður-Ameríku og Íslendingar jákvæðastir en ferðamenn frá Benelux og Visigrad löndunum voru neikvæðastir.



**Mynd 44: Hvaða áhrif hafði malbikaður vegur á upplifun þína af svæðinu?**




Um helmingur ferðafólksins taldi borholur ekki hafa haft nein áhrif á upplifun en hinn helmingurinn skiptist nokkuð jafnt í jákvæða og neikvæða, þó hinir jákvæðu hafi verið ívið fleiri (tæp 28 prósent frekar eða mjög jákvæð en rúm 22 prósent frekar eða mjög neikvæð). Athygli vekur að elsti hópurinn (56 ára og eldri) var talsvert jákvæðari en yngri hópar. Einnig greindist marktækur munur eftir þjóðernum og voru Þjóðverjar og ferðamenn frá Sviss/Austurríki jákvæðastir en Norðurlandabúar (aðrir en Íslendingar) og Ítalir/Spánverjar voru neikvæðastir.




**Mynd 45: Hvaða áhrif höfðu borholur í blæstri (gufa og hljóð) á upplifun þína af svæðinu?**

Rétt eins og átti við um malbikaðan veg þá var mikill meirihluti svarenda hlutlaus eða jákvæður gagnvart malarvegi og tæp 14 prósent neikvæð. Dreifingin var þó með aðeins öðrum hætti, því færri voru „mjög jákvæðir“ en fleiri „frekar jákvæðir“. Breytileiki milli þjóðerna birtist einnig með öðrum hætti. Ferðamenn frá Norður-Ameríku, sem var sá hópur sem var jákvæðastur gagnvart áhrifum malbikaðs vegs á upplifun, var sá hópur sem var síst jákvæður gagnvart malarvegi en ferðamenn frá Sviss/Austurríki og Benelux löndunum voru jákvæðastir.



**Mynd 46: Hvaða áhrif hafði malarvegur á upplifun þína af svæðinu?**

Síðasta gerð mannvirkja sem spurt var um varðandi áhrif á upplifun var „byggingar“ án þess að það væri útskýrt nánar. Auk raflína, þá var þetta sú tegund mannvirkja sem flestir voru neikvæðastir gagnvart. Rúm 39 prósent voru frekar eða mjög neikvæð gagnvart byggingum, tæp 55 prósent töldu þær engin áhrif hafa á upplifun en aðeins rúm 6 prósent sögðu að áhrifin hefðu verið frekar eða mjög jákvæð. Aftur greindist marktækur munur milli þjóðerna og að þessu sinni voru það Íslendingar sem voru jákvæðastir (18 prósent frekar eða mjög jákvæðir) en Bretar/Írar og Norðurlandabúar (aðrir en Íslendingar) sem voru neikvæðastir.



**Mynd 47: Hvaða áhrif höfðu byggingar á upplifun þína af svæðinu?**

### Skoðanir á mismunandi mannvirkjum á svæðinu


Auk spurninga um áhrif tiltekinna mannvirkja á upplifun af svæðinu var annað spurningaknippi, síðar á listanum, þar sem ferðamenn voru spurðir út í skoðanir sínar á hversu æskileg þeim þættu tiltekin mannvirki á svæðinu, sum sem er þegar að finna og önnur sem er ekki að finna á svæðinu, eins og það var skilgreint á kortinu sem fylgdi spurningakönnuninni. Þessi spurning olli talsverðum vandræðum, svarendur áttu erfitt með að átta sig á hvernig þessi spurningaruna væri frábrugðin spurningum sem þeir voru þegar búnir að svara og rúmur fjórðungur svarenda sleppti þessari spurningarunu.

Hér verður fyrst gefið yfirlit yfir hversu æskileg ferðamönnum þóttu tiltekin mannvirki miðað við meðaltal svara og síðan birt stöplarit sem sýna dreifingu svara fyrir hverja tegund mannvirkja fyrir sig. Ekki verður farið út í greiningu á mun milli hópa eftir þjóðernum fyrir þessa spurningu en bent á að hægt er að fletta upp ítarlegri upplýsingum í Viðauka 2 þar sem heildarniðurstöður spurningakönnunar eru aðgengilegar.


**Tafla 24: Yfirlit - Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki á svæðinu?**

<b>Krafla (2017)</b>	<b>Fjöldi (N)</b>	<b>Meðaltal</b>
Salerni	902	4,0
Skilti	903	3,9
Fjallaskálar	890	3,8
Tjaldstæði	891	3,7
Óuppbyggðir malarvegir	896	3,6
Uppbyggðir malarvegir	892	3,6
Vegir með bundnu slitlagi	912	3,6
Heilsársvegir	864	3,6
Gestastofa	885	3,6
Jarðvarmavirkjanir	897	3,3
Borholur í blæstri	893	3,2
Bensínstöðvar	905	3,2
Gufulagnir	897	3,1
Verslanir/veitingastaðir	859	3,0
Vindmyllur	869	2,9
Raflínur	896	2,8
Fjarskiptamöstur	845	2,8
Hótel	895	2,7


*Meðaltal vísar í fimm stiga Likert-kvarða: 1 = mjög óæskilegt og 5 = mjög æskilegt*




**Mynd 48: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - óuppbyggðir malarvegir?**




**Mynd 49: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - uppbyggðir malarvegir?**




**Mynd 50: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - vegir með bundnu slitlagi?**




**Mynd 51: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - heilsársvegir?**




**Mynd 52: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - skilti?**



**Mynd 53: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - gufulagnir?**




**Mynd 54: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - jarðvarmavirkjanir?**




**Mynd 55: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - borholur í blæstri?**







**Mynd 56: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - rafínur?**




**Mynd 57: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - vindmyllur?**




**Mynd 58: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - hótel?**




**Mynd 59: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - fjallaskálar?**




**Mynd 60: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - tjaldstæði?**




**Mynd 61: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - verslanir/veitingastaðir?**




**Mynd 62: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - bensínstöðvar?**



**Mynd 63: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - salerni?**



**Mynd 64: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - gestastofa?**




**Mynd 65: Hvað finnst þér um eftirfarandi mannvirki - fjarskiptamöstur?**

## Áhugi á orkuvinnslu

Nokkrar spurningar í könnuninni tengdist því sem mætti kalla áhuga ferðafólks á orkuvinnslu. Þetta átti m.a. við um spurningu þar sem kannað var hverjir hefðu ferðast um svæðið áður, hvort virkjun á svæðinu hefði haft áhrif á áhuga fólks á að stunda útivist á svæðinu og hvort áhugi væri á að heimsækja gestastofur vatnsafls- eða jarðvarmavirkjana. Þá var einnig spurning um hvort ferðafólk teldi að virkjun í Kröflu og uppbygging ferðapjónustu í nágrenninu gæti farið vel saman.


Í ljósi þess hversu fáir Íslendingar tóku þátt í spurningakönnuninni þarf ekki að koma á óvart að lítill hluti ferðafólksins hafði komið á staðinn áður. Af þeim rúmlega þúsund (1048 manns) sem svöruðu spurningunni voru aðeins rúm 9 prósent (97 manns) sem höfðu ferðast áður um svæðið. Þetta þarf að hafa í huga þegar niðurstöður úr næstu spurningu eru skoðaðar, en í henni er spurt hvort sú staðreynd að búið sé að virkja á svæðinu hafi haft áhrif á áhuga á að stunda útivist á svæðinu. Þeir sem svara þessari spurningu höfðu fæstir komið á svæðið áður og því ekki með samanburðinn hvernig svæðið leit út áður.

Yfirgnæfandi meirihluti, eða rúm 69 prósent, taldi að orkumannvirkin hefðu engin áhrif á áhuga þeirra á útivist á svæðinu, 16 prósent töldu mannvirkin hafa jákvæð áhrif en tæp 15 prósent svöruðu að áhrifin væru neikvæð. Ekki greindist marktækur munur milli hópa fyrir þessa spurningu.




**Mynd 66: Hvaða áhrif hefur sú staðreynd að búið er að virkja á svæðinu á áhuga þinn á því að stunda útivist á svæðinu?**

Tæp 61 prósent ferðafólksins var frekar eða mjög áhugasamt um að heimsækja gestastofur, tæp 13 prósent sögðust hafa einhvern áhuga en tæp 27 prósent höfðu lítinn eða engan áhuga. Áhugi á gestastofum var mestur hjá Íslendingum, næstmestur hjá Frökkum en Norðurlandabúar (aðrir en Íslendingar) höfðu minnstan áhuga.



**Mynd 67: Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að heimsækja gestastofur vatnsafls- eða jarðvarmavirkjana?**

Þrátt fyrir að rúmlega tveir þriðju svarenda hafi svarað því til að orkumannvirkin hefðu engin áhrif á áhuga þeirra á að stunda útivist á svæðinu eru tæp 55 prósent frekar eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu að virkjun í Kröflu og uppbygging ferðapjónustu í nágrenninu fari vel saman. Tæp 26 prósent eru hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni en aðeins tæp 20 prósent eru frekar eða mjög sammála. Nokkur munur var á svörum milli þjóðerna og skera Íslendingar sig úr að því leyti að þeir eru langjákvæðastir gagnvart sambúð virkjunar og ferðapjónustu, en tæp 73 prósent þeirra voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni. Þjóðverjar voru næst jákvæðastir, tæp 49 prósent voru frekar eða mjög sammála en allir aðrir voru talsvert neikvæðari.



**Mynd 63: Hver er skoðun þín á þeirri fullyrðingu að virkjun í Kröflu og uppbygging ferðapjónustu í næsta nágrenni fari vel saman?**



## 5. UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR

Eins og fram kemur í upphafi skýrslunnar er markmið þessarar rannsóknar að meta áhrif Kröfluvirkjunar og tengdra mannvirkja á upplifun ferðamanna á svæðinu og bera saman við niðurstöður úr sambærilegri rannsókn á Blöndusvæðinu og á svæðum sem voru til skoðunar í 3. áfanga Rammaáætlunar (vernd og orkunýting landssvæða). Ein ástæða þess að áhugavert er að bera saman svæðin við Kröflu og Blöndu annars vegar og svæðin sem voru til skoðunar í Rammaætlun hins vegar, er að þar með gefst samanburður á upplifun ferðamanna á svæðum með og án mannvirkja tengdum orkuvinnslu.

Með þennan punkt í huga þarf kannski ekki að koma á óvart að ferðamenn í rannsókn á vegum Rammaáætlunar upplifðu staðina sem þeir voru á minna manngerða en við átti um ferðamenn á Blöndusvæðinu og við Kröflu. Munurinn er þó ekki stórvægilegur en 86 prósent svarenda á Kröflusvæðinu telja að svæðið sé mjög eða frekar náttúrulegt. Krafla skoraði lægra en aðrir staðir þegar spurt var um hvort svæðið væri hávært eða kyrrt og var munurinn fyrir þennan þátt nokkuð afgerandi að því leyti að fleiri töldu Kröflusvæðið vera mjög hávært (5 prósent) eða frekar hávært (10 prósent) en við átti um hina staðina.

Þessi tveir þættir benda til að bæði orkuvinnsla og ef til vill einnig fjöldi ferðamanna hafi hugsanlega einhver neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Niðurstöður úr öðrum spurningum styðja þó ekki endilega við þá ályktun. Þannig var meðaltal fyrir ánægju með náttúru hvergi hærra en á Kröflusvæðinu og almennt var ferðafólkið jafn ánægt eða ánægðara með dvöl sína á svæðinu en í hinum rannsóknunum tveimur. Þá taldi yfirgnæfandi meirihluti svarenda Kröflusvæðið áhrifamikil og fallet.

### Viðhorfskvarðinn eða félagsleg mótunarhyggja?

Ein ástæða gæti verið að við Kröflu sé hærra hlutfall ferðafólks sem myndi flokkast sem þjónustusinnar, frekar en náttúrusinnar, á viðhorfskvarðanum sem rætt er um í inngangskafnanum, og að sú tegund ferðamanna sem sækir Kröflu heim hafi síður ama af mannvirkjum og manngerðu umhverfi en þeir ferðamenn sem svöruðu könnunum í samanburðarrannsóknunum. Stuðst er við viðhorfskvarðann í rannsókn á vegum Rammaáætlunar og rannsókn á Blöndusvæðinu þar sem eitt spurningarknippi í könnun var sérstaklega ætlað til þess að greina ferðamenn í þjónustusinna (*e. urbanist*), almenna ferðamenn (*e. neutralists*), náttúrusinna (*e. purists*) og eindregna náttúrusinna (*e. strong purists*). Talin voru upp 14 atriði í spurningu og út frá þeim var reiknað út í hvern af ofangreindum hópum ferðamaðurinn passaði inn í (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2016; Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2017).

Í spurningakönnun á Kröflusvæðinu var ekki að finna sambærilegt spurningaknippi og þar af leiðandi var ekki hægt að flokka ferðamenn samkvæmt viðhorfskvarðanum. Þrjár af spurningunum 14 var þó að finna í spurningalistanum fyrir Kröflu: Mikilvægi þess að upplifa óraskaða náttúru, mikilvægi þess að upplifa kyrrð og ró og mikilvægi þess að geta gengið án þess að sjá mannvirki. Þegar niðurstöður úr þeim spurningum eru bornar saman við sambærilegar spurningar í fyrri rannsóknunum tveimur kemur í ljós að ekki er stór munur á niðurstöðum milli Kröflu og hinna svæðanna varðandi hvar á litrófinu frá þjónustusinum til eindreginna náttúrusinna ferðamennirnir lenda fyrir þessar tilteknu spurningar (sjá nánar í niðurstöðukafla). Þar sem aðeins hluti af spurningaknippinu er til staðar, er þó varasamt að draga of víðtækar ályktanir um það hvernig ferðamenn á Kröflusvæðinu dreifast á viðhorfskvarðann.

Engu að síður, í ljósi þess að mesti breytileiki milli hópa á Kröflusvæðinu tengist þjóðerni, er spurning hversu gagnlegur viðhorfskvarðinn hefði verið til að skýra viðhorf ferðamanna, skynjun og upplifun. Ýmislegt í gögnunum bendir til þess að væntingar um náttúru og menningarlegur bakgrunnur hafi meira um upplifun að segja. Kenningar um félagslega mótunarhyggju og það hvernig hver og einn upplifir umhverfi sitt út frá fyrirfram gefnum forsendum um náttúruna eiga því ekki síður við til að átta sig á niðurstöðum könnunarinnar.



**Mynd 68: Víti, vinsælasti ferðamannastaðurinn innan Kröflusvæðisins**

Sem dæmi má nefna að þó ferðamenn við Kröflu merki síður við að svæðið sé mjög kyrrlátt en átti við um ferðamenn á Blöndusvæðinu og á þeim stöðum sem ferðamenn voru spurðir í könnun á vegum Rammaáætlunar, þá er einn hópur sem sker sig úr í spurningakönnuninni við Kröflu: Ferðamenn frá Asíu. Rúmlega 71 prósent Asíubúa merkti við að þeir upplifðu svæðið sem mjög kyrrlátt á meðan sambærilegt hlutfall Íslendinga og Þjóðverja var rúm 26 prósent. Hlutfall annarra þjóðernishópa var á bilinu 30 til 50 prósent. Það er erfitt að geta sér til um ástæðu fyrir þessum mun, en þó má velta upp þeim möguleika að ferðamenn frá Asíu komi almennt frá þéttbýlli svæðum en við á um Íslendinga og aðra Evrópubúa og séu vanari meiri hávaða í sínu daglega umhverfi. Þetta eru auðvitað getgátur en munurinn er það afgerandi að hann vekur forvitni og væri áhugavert að skoða nánar með annars konar rannsóknaraðferðum, sem fela í sér möguleikann að skoða upplifun af meiri dýpt, t.d. með viðtalsrannsóknum.

Fleiri dæmi af svipuðum toga má telja til. Það umhverfi sem ferðamaðurinn er vanur og þekkir mótar hugmyndir hans um náttúruna en eins getur orðræða um náttúruna í hans eigin samfélagi mótað viðhorf hans til náttúrulegs umhverfis og hvaða áhrif tiltekin mannvirki hafa á upplifun. Þannig var t.d. áberandi að Íslendingar voru mun afdráttarlausari í viðhorfum sínum til mismunandi tegunda mannvirkja, sérstaklega í þeim tilvikum sem um var að ræða mannvirki sem hafa mikið verið í deiglunni í samfélagslegri umræðu, svo sem vatnsaflsvirkjanir og uppistöðulón á hálendinu. Mun færri Íslendingar merktu við valkostinn „hvorki né“ þegar spurt var um viðhorf til frekari uppbyggingu á vatnsaflsvirkjunum eða uppistöðulónum á hálendinu en var raunin með erlenda ferðamenn. Þó að heldur færri Íslendingar væru jákvæðir gagnvart þessum mannvirkjum en aðrir þá lá munurinn fyrst og fremst í því að það voru færri óákveðnir og mun fleiri neikvæðir en við átti um aðra hópa. Þannig virðist samfélagsleg umræða hafa ýtt við Íslendingum að taka afstöðu á meðan aðrir ferðamenn höfðu kannski aldrei velt viðhorfum sínum til þessara mannvirkja fyrir sér.

Annað athyglisvert dæmi er viðhorf Breta/Íra til uppistöðulóna á hálendinu, en þeir eru mun jákvæðari í garð lónanna en aðrir hópar. Rúm 68 prósent þeirra eru frekar eða mjög jákvæðir í garð uppistöðulóna á hálendinu í samanburði við aðeins 38 prósent af heildarsvörum. Þá eru ekki nema 5 prósent þeirra frekar neikvæðir og enginn mjög neikvæður, en 26 prósent af heildinni voru frekar eða mjög neikvæð gagnvart uppistöðulónunum. Þessi munur er sérstaklega áhugaverður í ljósi þess að Bretar/Írar skera sig yfirleitt ekki úr í svörum sínum við öðrum spurningum í könnuninni. Fróðlegt væri að vita hvort einhver umræða og/eða tiltekin uppistöðulón sem þeir þekkja hafi á sér jákvæðan blæ í þeirra samfélagi eða hvort skýringin sé önnur. Enn og aftur er hér eingöngu um vangaveltur að ræða og þyrfti að nota annars konar rannsóknaraðferðir en spurningakönnun til að átta sig á hvað gæti skýrt þennan mun.

Vindmyllur er önnur tegund orkumannvirkja þar sem viðhorf eru mjög breytileg eftir þjóðernum. Í því tilfalli var þó erfitt að greina ákveðið mynstur, t.d. milli heimssvæða, en væri forvitnilegt að kanna nánar t.d. hvort að það hafi áhrif á viðhorf hvort ferðamenn séu vanir vindmyllum í sínu heimalandi og hver umræðan um vindmyllur sé í þeirra nærumhverfi.

Raflínur á hálendi tilheyra þeim hópi orkumannvirkja sem fæstir vilja sjá frekari uppbyggingu á. Allir hópar eiga það sameiginlegt að raflínur eru neðarlega á blaði hjá þeim, en ferðamenn eru þó mismunandi mikið neikvæðir. Ferðamenn frá Suður-Evrópu virðast heldur umburðarlyndari gagnvart raflínum á hálendi, samkvæmt niðurstöðum spurningakönnunarinnar, en neikvæðastir eru Frakkar, Íslendingar og aðrir Norðurlandabúar. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að innlendir ferðamenn eru gjarnan neikvæðari í garð raflína en erlendir (Stefánsson, Sæþórsdóttir & Hall, 2016) og er sú niðurstaða staðfest að hluta, þó með þeirri undantekningu að Frakkar eru örlítið meira neikvæðir en Íslendingar.

Almennt voru ferðamenn við Kröflu talsvert jákvæðari gagnvart frekari uppbyggingu orkumannvirkja en átti við um ferðamenn sem svöruðu sambærilegri könnun á Blöndusvæðinu og í rannsókn á vegum Rammaáætlunar. Eins og reifað er í niðurstöðukafla kann að vera að staðsetning spurningar í spurningalista hafi haft einhver áhrif á niðurstöður, en þetta spurningaknippi var mun framar í spurningalista í þessari rannsókn en í hinum listunum. Einnig kann að vera að lágt hlutfall Íslendinga á Kröflusvæðinu hafi haft áhrif, þar sem þeir eru oft neikvæðari í garð mannvirkja, sérstaklega á hálendinu, en erlendir ferðamenn.

Þegar spurt var um viðhorf í garð annarra mannvirkja en orkumannvirkja kom í ljós að fjallaskálar, stígar myndaðir af umferð manna og dýra og lagðir göngustígar eru þau mannvirki sem helst mega vera til staðar að mati ferðamanna við Kröflu án þess að það rýri gildi svæðisins sem víðernis. Aftur er hægt að greina breytileika milli þjóðerna sem hugsanlega má skýra með hverju ferðamennirnir eru vanir frá sínum heimaslóðum. Þannig voru t.d. Austurríkismenn/Svisslendingar, Þjóðverjar og Frakkar allir mjög jákvæðir gagnvart fjallaskálum (80 prósent eða fleiri jákvæðir), en slíkir skálar eru algengir á óbyggðum svæðum t.d. á Alpasvæðinu. Sömu hópar eru aftur á móti mjög neikvæðir gagnvart hótélum og vel innan við 10 prósentum finnst hótél mega vera á svæði án þess að það glati stöðu sinni sem víðerni eða ósnortin náttúra. Á sama tíma finnst einungis 33 prósentum ferðamanna frá Ítalíu/Spáni fjallaskálar í lagi en 16 prósent þeirra eru jákvæðir gagnvart hótélum. Sama má segja um ferðamenn frá Asíu, aðeins 33 prósentum finnst fjallaskálar í lagi en fleiri eru jákvæðir gagnvart hótélum en á við um ferðamenn frá Mið-Evrópu, eða rúm 12 prósent.



Mynd 69: Upplýsingaskilti við gestastofu

### Aðdráttarafli víðerna og ósnortinnar náttúru

Þrátt fyrir að Kröflusvæðið flokkist hvorki sem óbyggðir né óbyggð víðerni samkvæmt lagalegum skilgreiningum náttúruverndarlaga þá töldu tæp 94 prósent svarenda í spurningakönnuninni víðerni/ósnortna náttúra vera hluta af aðdráttarafli svæðisins og 86 prósent svöruðu því til að þeir hefðu komið á svæðið sérstaklega til að upplifa víðerni. Svæðið virðist hafa staðið undir þessum væntingum, því eins og fyrr segir voru meira en 95 prósent svarenda ánægðir með náttúru Kröflusvæðisins. Þetta er í takt við umfjöllun um víðerni í inngangskafli þar sem bent var á að hugtakið hafi gjarnan sveigjanlegri merkingu í hugum fólks en lagalegar skilgreiningar.

Þrátt fyrir að víðerni og ósnortin náttúra væri aðdráttaraflið taldi tæplega fjórðungur svarenda að það vantaði innviði fyrir ferðamenn á svæðið. Salerni voru þar efst á blaði en einnig nefndu margir þörf fyrir fleiri og betri merkingar. Þau mannvirki sem þegar eru á svæðinu og tengjast orkuvinnslu virðast ekki hafa mikil áhrif á upplifun, ef marka má svör í könnuninni. Þannig svaraði rúmlega helmingur því til að vegir, borholur, gufulagnir, byggingar og raflínur hefðu engin áhrif haft á upplifun þeirra af svæðinu. Aftur voru það raflínur sem helst höfðu neikvæð áhrif (35 prósent töldu þær hafa frekar eða mjög neikvæð áhrif) en fleiri voru jákvæðir en neikvæðir gagnvart vegum á svæðinu.

Þegar lítið er yfir niðurstöður spurningakönnunarinnar í heild virðist sem mannvirki tengd orkuvinnslu hafi tiltölulega lítil áhrif á upplifun ferðamanna ef miða má við svör þeirra við spurningakönnuninni. Þó verður að hafa í huga að fæstir þeirra höfðu heimsótt svæðið áður og því enginn samanburður til staðar um hver upplifunin hefði verið án mannvirkjana. Í ljósi þess hversu lítið mannvirki á svæðinu virtust trufla ferðafólkið, þá er áhugavert hversu margir, eða tæp 55 prósent, voru ósammála þeirri fullyrðingu að virkjun í Kröflu og uppbygging ferðaþjónustu fari vel saman.

Niðurstöður ýmissa annarra rannsókna benda til þess að hafi fólk samanburðinn hrifist það frekar af svæðum án mannvirkja. Dæmi um þetta er t.d. rannsókn sem unnin var á Þeistareykjum um áhrif virkjunar á upplifun ferðamanna sumarið 2017, þar sem kom í ljós að það voru helst þeir sem þekktu svæðið best og höfðu heimsótt það áður en framkvæmdir hófust sem sáu eftir því eins og það var (Auður H Ingólfssdóttir o.fl., 2017). Annað dæmi sem styður þá tilgátu að ferðafólk sé almennt hrifnara af náttúru án mannvirkja - hafi það á annað borð samanburðinn á svæðinu með eða án mannvirkja - er rannsókn um áhrif þess ef reistar yrðu allt að 80 vindmyllur á svæði beggja vegna Þjórsár undir heitinu Búrfellslundur. Hluti af þeirri rannsókn var að sýna ferðamönnum ljósmyndir með og án ákveðnum mannvirkjum og þeir beðnir um að meta hvort og hversu fallett þeim þætti landslagið á myndunum. Var áberandi að þær myndir sem sýndu mannvirki fengu lægri einkunn en hinar þar sem landslag var án mannvirkja (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðmundur Björnsson og Rannveig Ólafsdóttir, 2015). Engu að síður er ekki hægt að líta fram hjá því að orkuvinnsla á Kröflusvæðinu virðist ekki hafa dregið úr gildi svæðisins sem aðdráttarafli fyrir ferðafólk. Þvert á móti, má segja að aukið aðgengi, sem er að mestu leyti tilkomið vegna uppbyggingar vega í tengslum við orkuvinnslu, hafi stóraukið straum ferðamanna á svæðið.

Í ljósi þess að ferðamennsku og orkuvinnslu hefur stundum verið stillt upp sem tveimur ólíkum leiðum til að nýta land eru þessar niðurstöður áhugaverðar. Sé einungis horft til niðurstaðna í könnunum um upplifun ferðamanna af svæðum með og án orkumannvirkja er tæpast hægt að draga þá ályktun að orkuvinnsla, sé vel að henni staðið, komi í veg fyrir að hægt sé að nýta svæði fyrir ferðaþjónustu. Upplifun ferðamanna, eins og hún birtist í einfaldri spurningakönnun, er hinsvegar aðeins einn mælikvarði og ýmsum takmörkunum háð. Þannig virtust t.d. náttúruspjöll vegna traðks frá ferðamönnum sjálfum ekki heldur trufla upplifun þeirra af náttúru svæðisins en það breytir því ekki að um náttúruspjöll er að ræða sem flestir myndu telja að rýri gildi náttúrunnar á svæðinu. Þannig að þó að sú niðurstaða að orkumannvirki virðast ekki hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna sé ánægjuleg fyrir bæði ferðaþjónustuaðila og þá sem standa að uppbyggingu orkumannvirkja á svæðinu þá sýna niðurstöður könnunarinnar einnig að upplifun ferðamanna dugir ekki ein og sér sem mælikvarði á ástandi náttúrunnar og hvaða þættir kunni að rýra gildi hennar.

## 6. LOKAORÐ

Sú spurning sem lagt var upp með í þessari rannsókn var að kanna hver væru áhrif Kröfluvirkjunar og tengdra mannvirkja á upplifun ferðamanna á svæðinu og bera saman við niðurstöður tveggja annarra tengdra rannsókna (á Blöndusvæðinu og á svæðum til skoðunar í þriðja áfanga Rammaáætlunar). Þótt svarendur könnunarinnar telji Kröflusvæðið örlítið meira manngert og talsvert háværara en við átti um þá sem svöruðu könnunum á svæðum þar sem ekki var búið að virkja á, eru ferðamenn engu að síður mjög ánægðir með náttúru svæðisins og finnst hún falleg og áhrifamikil. Í samanburði við þau svæði sem voru til skoðunar í þeim rannsóknum sem voru hafðar til hliðsjónar eru ferðamenn við Kröflu annað hvort jafnánægðir eða ánægðari með náttúru svæðisins. Mannvirki virðast því ekki hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra, ef marka má niðurstöður þessarar spurningakönnunar.

Þegar rýnt er nánar í gögnin til að skoða mun milli hópa kemur í ljós að þjóðerni virðist hafa talsvert mikið um upplifun að segja og var breytileikinn í gögnunum meiri þar en t.d. þegar bornar voru saman niðurstöður eftir kynjum eða eftir aldri. Þetta bendir til þess að upplifun ferðamanna sé mótuð af þeirra eigin menningarlega bakgrunni og þeim væntingum sem þeir kunna að hafa til náttúrunnar áður en þeir koma á staðinn. Samsetning ferðamanna eftir þjóðernum á Kröflusvæðinu og í rannsóknunum tveimur sem hafðar voru til hliðsjónar, er talsvert breytileg eftir svæðum og mikilvægt að hafa það í huga við allan samanburð. Sérstaklega var áberandi hversu fáir Íslendingar voru meðal þeirra sem svöruðu spurningakönnun á Kröflusvæðinu og það gæti hafa haft áhrif á niðurstöður þar sem fyrri rannsóknir sýna að Íslendingar virðast oftara vera neikvæðir í garð orkumannvirkja á óbyggðum svæðum.

## HEIMILDIR

- Alþingi (2013). *Lög um náttúruvernd, þskj. 1395, 429. mál.* (Sótt af vefútgáfu Alþingistíðinda: <https://www.althingi.is/altext/stjt/2013.060.html>).
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson (2017). *Áhrif Blönduvirkjunar á upplifun ferðamanna.* Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson (2016). *Viðhorf ferðamanna til nokkurra virkjana í 3. áfanga rammaáætlunar.* Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðmundur Björnsson & Rannveig Ólafsdóttir (2015). *Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn.* Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Ágúst Ólafsson (2017). Það versta sem ég hef séð undanfarna mánuði. *RÚV.* Sjá: <http://www.ruv.is/frett/thad-versta-sem-eg-hef-sed-undanfarna-manudi>
- Auður H. Ingólfssdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Valtýr Sigurbjarnarson, Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir (2017). *Rannsókn á ferðamáli á virkjanasvæði við Þeistareyki. Niðurstöður spurningakönnunar og viðtalsrannsóknar sumarið 2017.* Akureyri: Rannsóknarmiðstöð ferðamála.
- Castree, N (2005). *Nature.* London: Routledge
- Edward H. Huijbens & Gunnar Þór Jóhannesson (2013). *Ferðamál á Íslandi. Heildstætt grundvallarit um ferðamál.* Reykjavík: Mál og menning.
- Kolbeinn Tumi Daðason (2016). Máttu ekki rukka í Námaskarði og við Leirhnjúk. *Vísir.* Sjá: <http://www.visir.is/g/2016160219708>
- Landsvirkjun (á.d.). *Kröflustöð.* Sjá: <https://www.landsvirkjun.is/Fyrirtaekid/Aflstodvar/kroflustod>
- Maskína (2016). Erlendir ferðamenn á Íslandi. Sumar 2016. Reykjavík: Ferðamálastofa (sjá: [https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016\\_ferdamalastofa\\_sumar\\_maskinuskysla\\_islensk.pdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskysla_islensk.pdf))
- Náttúrustofa Norðausturlands (á.d.). *Krafla.* Sjá: <http://nna.is/frodleikur/rannsoknastadir/krafla/>
- Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (2001). *Stækkun Kröfluvirkjunar – áhrif á ferðaþjónustu og útivist.* Reykjavík: Landsvirkjun.
- Rannveig Ólafsdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Helgi Guðmundsson, Jonathan Huck & Micael Runnström (2016). *Viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum, óbyggðum og miðhálandi Íslands.* Reykjavík: Líf- og umhverfisvísindastofnun HÍ og Rammaáætlun.
- Rannveig Ólafsdóttir & Eva Sif Jóhannsdóttir (2009). *Mat á áhrifum Kröfluvirkjunar II á ferðaþjónustu og útivist.* Akureyri: Rannsóknarmiðstöð ferðamála.
- Sigrún Birna Sigurðardóttir, Adda Sæby Þórarinsdóttir & Bylgja Árnadóttir (2016). „*Þetta er einhver alveg ólýsanleg tenging, þessi tilfinning að vera svona ein með náttúrunni.*“ *Eigindleg rannsókn á upplifun víðerna og viðhorfum um afmörkun og stýringu meðal ólíkra útivistarhópa á miðhálandinu.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ og Rammaáætlun.



Stefánsson, Þ, Sæþórsdóttir, A.D. & Hall, M.C (2017). When tourists meet transmission lines: The effects of electric transmission lines on tourism in Iceland. *Energy Research & Social Science*, v34 (82-92). <http://dx.doi.org/10.1016/j.erss.2017.06.032>

Umhverfisstofnun (2013). Göngustígar opnaðir við Leirhnjúk í Mývatnssveit. *Heimasíða Umhverfisstofnunar*. Sjá: <https://www.ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2013/06/28/Gongustigar-opnadir-vid-Leirhnjuk-i-Myvatnssveit/>

Umhverfisstofnun (2017). *Rauði listinn – svæði í hættu. Yfirlit til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins*. Reykjavík: Umhverfisstofnun.



# Spurningalisti á ensku



1

This survey is conducted by the Icelandic Tourism Centre on behalf of National Power Company of Iceland. Please answer the questions only with reference to your visit to the area shown on the appendant map. We hope you are willing to spare 5-10 minutes of your time to participate.

Thank you very much for your participation!

## 1. How satisfied or dissatisfied are you with the following?

	very dissatisfied	dissatisfied	neither/nor	satisfied	very satisfied
Your stay in the area	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
The nature in the area	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## 2. How descriptive do you find the following words for this area?

	very	somewhat	neither/nor	somewhat	very	
Natural	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Developed
Quiet	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Loud
Accessible	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Inaccessible
Beautiful	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Ugly
Impressive	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Commonplace

## 3. What is your view of the following statement:

	strongly agree	somewhat agree	neither/nor	somewhat disagree	strongly disagree
Geothermal power development in Krafla and increased tourist services in the area go hand-in-hand	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## 4. Please state how positive or negative your attitude is to the following:

	very negative	somewhat negative	neutral	somewhat positive	very positive
Further development of hydro power plants in the Highlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Further development of hydro power plants in the lowlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Further development of Geothermal power plants in the Highlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Further development of geothermal power plants in the lowlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Wind farms in the Highlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Wind farms in the lowlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Reservoirs in the Highlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Reservoirs in the lowlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Further construction of power lines in the Highlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Further construction of power lines in the lowlands	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## 5. How important are the following factors for you while travelling in this area?

	not at all important	not important	neutral	important	very important
To enjoy unspoiled nature	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
To walk without seeing structures	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
To enjoy peace	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## 6. Do you think wilderness/unspoiled nature is part of the attraction of this area?

Yes  No  No opinion

## 7. Did you visit this area to experience wilderness/unspoiled nature?

Yes  No  No opinion

## 8. Do nearby structures you know of, but you don't see, affect your wilderness experience?

	not at all	little	to some extent	much	very much	no opinion
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## 9. In your opinion which of the following may be present in an area for it be considered wilderness? Mark more than one if appropriate

<input type="checkbox"/> Nothing	<input type="checkbox"/> Transmission lines	<input type="checkbox"/> Wind turbines
<input type="checkbox"/> Mountain huts	<input type="checkbox"/> Radio masts	<input type="checkbox"/> Designed footpaths
<input type="checkbox"/> Hotels	<input type="checkbox"/> Power plants	<input type="checkbox"/> Roads
<input type="checkbox"/> Fences	<input type="checkbox"/> Steam pipes	<input type="checkbox"/> Tracks by vehicles
<input type="checkbox"/> Visitor centres	<input type="checkbox"/> Trails made by walkers and/or animals	

## 10. How did the following structures effect your experience?

	very negatively	somewhat negatively	no effect	somewhat positively	very positively
Steam pipes	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Transmission lines	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Asphalt road	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Discharging geothermal steam wells /steam + noise	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Gravel road	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Construction	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## 11. How interested are you in visiting the Visitor Centres of hydro power or geothermal power stations?

	not interested	somewhat uninterested	neutral	somewhat interested	very interested	no opinion
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



## 12. Have you been in this area before? Yes, how often? \_\_\_\_\_ No

If yes: Did the presence of a power plant in the area  Yes, visited more frequently effect your travel plans?  Yes, visited less frequently  No

## 13. What effect does the fact that there is a power plant in the area have on your interest in spending time outdoors in the area?

	very negative	somewhat negative	neutral	somewhat positive	very positive	no opinion
	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## 14. Please rate your opinion on the following structures/facilities in the area:

	very inappropriate	inappropriate	neutral	appropriate	very appropriate	no opinion
Gravel roads	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Built-up gravel roads	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Asphalt roads	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Roads passable year round	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Signs	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Steam pipes	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Geothermal power plants	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Discharging geothermal steam wells /steam + noise	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Transmission lines	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Wind turbines	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hotels	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mountain huts	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Campsites	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Shops/restaurants	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Gas stations	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Toilets	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Visitor centre	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Radio masts	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## 15. What did you do/plan to do during your stay? Mark more than one if appropriate

<input type="checkbox"/> Walk _____ hours	<input type="checkbox"/> Photography
<input type="checkbox"/> Go for a bike ride	<input type="checkbox"/> Picking plants/berries/herbs
<input type="checkbox"/> Seeing cultural heritage	<input type="checkbox"/> View geological phenomena
<input type="checkbox"/> Bird watching	<input type="checkbox"/> Learn about geothermal energy
<input type="checkbox"/> Observe vegetation	<input type="checkbox"/> Other: _____

## 16. Did you or do you intend to visit any of the following places during this trip?

<input type="checkbox"/> Leirhnjúk	<input type="checkbox"/> Viewpoint	<input type="checkbox"/> Outdoor shower
<input type="checkbox"/> Víti	<input type="checkbox"/> Visitor center	<input type="checkbox"/> Information (sign)
<input type="checkbox"/> Other: _____		

## 17. Do you think infrastructure for tourism in the area is lacking?

Yes  No  No opinion

If yes, what: \_\_\_\_\_

## 18. How long are you planning to stay in the area?

<input type="checkbox"/> 0 - 3 hours	<input type="checkbox"/> 13 - 24 hours	<input type="checkbox"/> 5 - 6 days
<input type="checkbox"/> 4 - 6 hours	<input type="checkbox"/> 25 - 48 hours	<input type="checkbox"/> 7 or more days
<input type="checkbox"/> 7 - 12 hours	<input type="checkbox"/> 3 - 4 days	

## 19. Gender Female Male 20. Age \_\_\_\_\_ (years)

## 21. Nationality: \_\_\_\_\_

## 22. Where are you staying tonight (town/village)? \_\_\_\_\_

## 23. Where did you stay last night (town/village)? \_\_\_\_\_

## 24. With whom do you travel?

<input type="checkbox"/> By myself	<input type="checkbox"/> An organized tour	<input type="checkbox"/> Work or club mates
<input type="checkbox"/> Family members	<input type="checkbox"/> Relatives/friends	<input type="checkbox"/> Other, who? _____

## 25. How are you travelling?

<input type="checkbox"/> In a private car	<input type="checkbox"/> Motorcycle/ATV	<input type="checkbox"/> On bicycle
<input type="checkbox"/> In a rent-a-car	<input type="checkbox"/> On foot	<input type="checkbox"/> On horseback
<input type="checkbox"/> By bus	<input type="checkbox"/> Other, what? _____	

## 26. What is your occupation?

<input type="checkbox"/> Student	<input type="checkbox"/> Managerial
